



Þinggerð 69. ársþings KSÍ
Haldið á Hilton Nordica
14. febrúar 2015

**Þinggerð 69. ársþings KSÍ,
haldið á Hilton Reykjavík Nordica, Reykjavík 14. febrúar 2015**

Eftir að síðasta knattspyrnutímabil hafði verið rifjað upp og fallinna félaga í knattspyrnuhreyfingunni hafði verið minnst setti Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, þingið og mælti svo:

Íslensk knattspyrna var í sviðsljósínu árið 2014, frábær frammistaða A landsliðs karla vakti athygli víða og langt út fyrir strendur Íslands. Sigur á HM bronsliði Hollands á Laugardalsvelli í október var tvímælalaust hápunktur ársins. Aldrei fyrr hefur sigurleikur landsliðs okkar skapað jafnmikla umfjöllun um íslenska knattspyrnu á erlendum vettvangi. A landslið karla hóf leik í undankeppni EM 2016. Eftir 3 sigurleiki í röð beið liðið ósigur gegn Tékkum í Plzen í Tékklandi og situr nú í öðru sæti í sínum riðli þegar fjórum umferðum af tíu er lokið. Þessi góða byrjun gefur fyrirheit um gott gengi í undankeppninni og stefnan er sett á úrslitakeppnina í Frakklandi 2016, en í fyrsta sinn munu 24 landslið leika til úrslita. Í sumar byrjar svo einnig undirbúningur fyrir HM 2018 í Rússlandi þegar dregið verður í riðla í St. Pétursborg 25. júlí nk. en undankeppnin í Evrópu hefst rúmu ári síðar, haustið 2016. Það verða því mörg járn í eldinum þegar líður árið.

Sl. mars var samþykkt á þingi UEFA að hefja nýja keppni A landsliða karla frá og með haustinu 2018, að lokinni úrslitakeppni HM í Rússlandi. Keppnin ber heitið Nations League – Þjóðadeildin. Deildin verður leikin á alþjóðlegum leikdögum að hausti þegar ártalið er slétt tala, fyrst 2018. Keppnin fer fram í 4 deildum eftir styrkleika landsliðanna og innan hverrar deildar verða 4 riðlar. Þessi keppni – Þjóðadeildin – kemur í stað mikils hluta vináttuleikja og verður hún markaðssett af UEFA að mestu leyti eins og undankeppni EM og HM í Evrópu. Röð liða í deildinni mun ráða styrkleikaflokkun þegar dregið verður í undankeppni EM og HM í framtíðinni auk þess sem hún mun gefa aukasæti í úrslitakeppni EM og HM. Þjóðadeildin hefur síðan áhrif á leikjadaga undankeppni EM og HM, fyrst í undankeppni EM 2020. Framvegis verður undankeppni EM (og einnig undankeppni HM í Evrópu) leikin á sama almanaksárinu, en ekki frá hausti til hausts eins og nú er. Þetta þýðir að undankeppni EM verður eingöngu leikin árið 2019. Af þessu má ráða að frá og með haustinu 2018 þarf A landslið karla að leika í nóvember, 2 leiki, og auðvitað verður mikilvægt að leika á heimavelli a.m.k. annan leikinn. Tveir leikir í mars í byrjun undankeppni verða á útvelli og því enn mikilvægara að leika heima í nóvember. Það er ljóst að þessar breytingar kalla á úrbætur á Laugardalsvelli, sér í lagi á leikvellinum sjálfum. Koma þarf fyrir hita- og vökvunarkerfi en það verður einungis gert með því að endurbyggja grasvöllinn. Eigandi vallarins, Reykjavíkurborg, þarf að taka ákvörðun um framtíð Laugardalsvallar. Það er von KSÍ að borgin fari eftir tillögum starfshóps borgarstjóra frá sl. kjörtímabili og skilji að frjálsar íþróttir og knattspyrnu á Laugardalsvelli með nýri aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir. Laugardalsvöllur getur ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til nútíma knattspyrnuleikvanga á meðan hlaupabrautir eru til staðar. KSÍ hóf á síðasta ári vinnu við endurbætur á flóðlysingu á Laugardalsvelli til að mæta kröfum UEFA og verður verkinu lokið á þessu ári. Verkið er að öllu leyti styrkt af UEFA.

Góður árangur A landsliðs karla á árinu var ánægjulegur en það var einnig ánægjuleg stund að hitta gamla landsliðsmenn og leiðtoga sl. desember í höfuðstöðvum KSÍ og afhenda þeim eintak af bókinni Saga landsliðs karla, sem KSÍ gaf út og Sigmundur Ó. Steinarsson ritaði. Saga A landsliðs karla greinir frá leikjum úrvallsliða snemma á síðustu öld, fyrsta landleiknum við Dani 1946 og svo öllum leikjum sem á eftir hafa fylgt. KSÍ hefur með útgáfunni varðveisitt mikilvæga sögu íslenskrar knattspyrnu. Starf og áhugi Sigmundar á varðveislu sögu KSÍ hefur við þessa útgáfu verið ómetanlegur og á hann miklar þakkir skildar.

A landslið kvenna átti gott ár en tókst ekki að komast í úrslitakeppni HM 2015 sem fram fer í Kanada, en þar leika í fyrsta sinn 24 þjóðir til úrslita í HM A landsliða kvenna. Tveir ósigrar gegn öflugu landsliði Sviss og einn gegn Danmörku urðu til þess að Ísland sat eftir. Sviss sigraði af öryggi í riðlinum og komst á HM en Ísland hafnaði í öðru sæti, stigi á undan Danmörku. Kynslóðaskipti halda áfram hjá liðinu sem undirbýr sig nú fyrir undankeppni EM 2017, en úrslitakeppnini fer fram í Hollandi. Í fyrsta sinn leika þar 16 þjóðir til úrslita. Dregið verður í riðla í undankeppninni 13. apríl nk. og er landslið Íslands í efsta styrkleikaflokki sem sýnir sterka stöðu liðsins í Evrópu. Riðlarnir verða átta með fimm þjóðum hver. Samningur við þjálfara liðsins, Frey Alexandersson, var endurnýjaður og gildir til ársloka 2016. Tveir leikmenn liðsins náðu þeim árangri að leika

sinn 100. landsleik á árinu, þær Þóra B. Helgadóttir, sem hætti í lok árs og Dóra María Lárusdóttir. KSÍ þakkar þeim fyrir frábært framlag til íslenskrar knattspyrnu.

U21 landslið karla náði góðum árangri í undankeppni EM 2015, hafnaði í 2. sæti í sínum riðli á eftir Frakklandi. Liðið vann sér rétt til að leika í umspili gegn landsliði Danmerkur um laust sæti í úrslitakeppninni, sem fram fer í Tékklandi. Eftir markalaust jafntefli í Álaborg og jafntefli, 1-1, í síðari leiknum á Laugardalsvelli kom það í hlut Dana að fara áfram. Sumir leikmenn íslenska liðsins hafa fengið tækifæri með A landsliðinu og lofa góðu. Dregið hefur verið í riðla í undankeppni EM 2017 og leikur Ísland í riðli með Frakklandi, Úkraínu, Skotlandi, Makedóniu og N-Írlandi. Úrslitakeppnin fer fram í Póllandi og munu 12 þjóðir leika til úrslita í stað 8 eins og verið hefur. Eyjólfur Sverrisson mun áfram stýra liðinu og gildir nýr samningur við hann til ársloka 2016.

U19 landslið kvenna og U17 landslið karla komust á árinu áfram úr undankeppni EM 2014/15 og leika í milliriðlum í vor. U17 landslið kvenna tók ekki þátt í undankeppni EM þar sem úrslitakeppnin fer fram á Íslandi næsta sumar og liðið tekur sjálfkrafa þátt sem gestgjafar. Þetta verður í þriðja sinn sem úrslitakeppni yngri landsliða fer fram á Íslandi. Þetta er stórt verkefni sem kallar á mikinn undirbúning og samstarf við aðildarfélögum um framkvæmd leikja. Til úrslita leika átta landslið í tveimur fjögurra liða riðlum í Reykjavík og nágrenni. Keppninni lýkur með úrslitaleik á Hlíðarenda og er von á Michel Platini til landsins til að afhenda verðlaunin.

Drengjalandslíð Íslands tók þátt í Ólympíuleikum ungmenna í Nanjing í Kína í ágúst og var fulltrúi Evrópu, en alls tóku 6 lið þátt - eitt frá hverri heimsálfu. Ísland hlaut mikinn sóma af þátttöku sinni og vann liðið bronsverðlaun.

KSÍ stendur á hverju ári fyrir knattspyrnuskóla, markvarðaskóla og úrtökumóti og hefur þessi starfsemi gefist vel. Á árinu var enn aukið við þetta starf með öflugri hæfileikamótun og fóru fulltrúar KSÍ í á þriðja tug heimsókna vítt og breitt um landið, héldu fyrirlestra fyrir iðkendur og stjórnuðu æfingum.

Þrír þjálfarar yngri landsliða létu af störfum á árinu - þeir Ólafur Guðbjörnsson, sem þjálfað hefur U19 kvenna frá 1999, Kristinn R. Jónsson, sem þjálfað hefur U19 karla frá 2006 og Þorlákur Árnason sem þjálfaði U17 karla í tvö ár. Þeim eru þökkuð góð störf og nýir þjálfarar boðnir velkomnir til starfa - þeir Þórður Þórðarson U19 kvenna, Þorvaldur Örlygsson U19 karla og Halldór Björnsson U17 karla sem jafnframt stýrir hæfileikamótun KSÍ.

Mótahaldið var sem fyrr kjarninn í starfsemi KSÍ. Mótanefnd KSÍ skipulagði þúsundir knattspyrnuleikja um land allt í góðu samstarfi við aðildarfélögum. Slæmt ástand grasvalla á höfuðborgarsvæðinu setti mikinn svip á mótaðald KSÍ í byrjun sumars svo grípa varð til þess úrræðis að leika á varavöllum í meistaraflokki upp í efstu deild, auk þess sem það var mikil áskorun að koma mörgum leikvöllum í stand fyrir sumarið. Það tókst og í byrjun júní var mótaðaldið að mestu komið í fastar skorður. Árið 2014 var ár Stjörnunnar úr Garðabæ, félagið varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla í fyrsta sinn auk þess að vinna tvöfalt (deild og bikar) í meistaraflokki kvenna. Frumraun Stjörnunnar í undakeppni Evrópudeildarinnar var glæsilegur vitnisburður fyrir íslenska knattspyrnu og vakti verðskuldaða athygli og aðdáun. Liðið lagði 3 mótherja að velli, sem er íslenskt met, áður en það mætti stóriði Inter Milan í umspili um sæti í Evrópudeildinni 2014/15. Stjarnan mætti Inter á Laugardalsvelli í fyrri leiknum og var uppselt á leikinn og viku síðar mættust liðin á San Síró leikvanginum í Milánó. Inter var mun sterkari aðilinn og komst áfram. FH átti gott ár í undankeppni Evrópudeildarinnar en féll úr leik í þriðju umferð. Stjarnan varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla í fyrsta sinn eins og áður sagði og það án þess að tapa leik, fékk 52 stig. Stjarnan varð Íslandsmeistari í meistaraflokki kvenna annað árið í röð og tapaði aðeins einum leik. Leiknir R. og ÍA unnu sér rétt til að leika í efstu deild karla 2015 og á sama hátt gerðu KR og Þróttur R. það í efstu deild kvenna. Leiknir R. leikur í efstu deild karla í fyrsta sinn í sögu félagsins – það eru skemmtilegir tímar framundan í Breiðholtinu. KR varð bikarmeistari í meistaraflokki karla í 14. sinn, sem er met, eftir sigur á Keflavík. Stjarnan varð bikarmeistari í meistaraflokki kvenna í annað sinn eftir sigur á Selfossi. Fjarðabyggð og Grótta unnu sér rétt til að leika í 1. deild karla, Höttur og Leiknir F. unnu sér rétt til að leika í 2. deild karla og Álftanes og Kári að leika í 3. deild karla. Stjórn KSÍ óskar öllum sigurvegurum sl. árs til hamingju með góðan árangur.

Bókin íslensk knattspyrna kom út í 34. sinn á sl. ári og sem fyrr er fjallað ítarlega um íslenska knattspyrnu í henni í máli og myndum – hún er í reynd árbók íslenskrar knattspyrnu. Það er Víðir Sigurðsson sem er höfundur bókarinnar. Hann á miklar þakkið skildar fyrir framlag sitt til íslenskrar knattspyrnu.

Fraðslustarf KSÍ skipaði sem fyrr veigamikinn sess í starfsemi sambandsins, sérstaklega fyrir þjálfara og dómara, og voru fjölmög námskeið haldin auk þáttöku í námskeiðum erlendis. Síaukin fræðsla hefur tvímælalaust gert knattspyrnustarfíð faglegra. Íslenskir þjálfarar fá nú tækifæri erlendis sem er góð viðurkenning fyrir knattspyrnustarf okkar.

Kristinn Jakobsson sem náð hefur allra íslenskra knattspyrnudómara lengst ákvað að láta af störfum í lok árs eftir glæsilegan feril. Hann var kominn á FIFA aldurinn – 45 ára og varð að hætta sem milliríkjadómari en ákvað að láta einnig staðar numið í leikjum á vegum KSÍ. Stjórn KSÍ þakkar Kristni fyrir góð störf og vonast til að njóta krafta hans við fræðslu og þjálfun dómara á komandi árum.

Það er í höndum dómaranefndar KSÍ og eftirlitsmanna að meta frammistöðu dómara á hverju ári. Allir hafa skoðun á málinu en faglegt mat byggir á mörgum þáttum. Það skiptir orðið sífellt meira máli að dómarar séu vel þjálfáðir íþróttamenn sem gefi leikmönnum ekkert eftir í líkamlegu atgervi. Mikilvægt framfaraskref var stigið á árinu til þess að bæta dómgæsluna þegar dómaranefnd og dómurum í Pepsi-deild karla gafst kostur á að nálgast upptökur Stöðvar 2 sports af öllum leikjum í deildinni af miðlægum gagnagrunni. Nokkuð oft var deilt um hvort boltinn væri inni eða ekki í sumar. Það er von míni að með tíð og tíma finnist ódýrari lausn en stóru deildirnar styðjast við í dag til að hjálpa dómurum að meta þessi atvik rétt. Stjórn KSÍ leggur áherslu á þjálfun dómara og fagmennsku í þeirra störfum, en stjórn KSÍ er ekki varðhundur fyrir dómara og alls ekki fyrir rangar ákvarðanir. En eitt verðum við öll að gera í knattspyrnuhreyfingunni. Okkur ber að sýna dómurum jafnt sem mótherjum virðingu, aðeins þannig fær leikurinn virðingu almennings. Loks getum við fagnað því að kona var valin besti dómarinn í Pepsi-deild kvenna. Vonandi er það aðeins byrjuninni á aukinni velgengni og þáttöku kvenna í dómgæslu.

Mannvirkjamál eru almennt í góðum farvegi hjá liðum á Íslandi. Það bar helst á árinu að Fylkismenn byggðu nýja og glæsilega stúku á Árbæjarvelli, og með breytingunum var stigið stórt skref að betri aðstöðu fyrir áhorfendur og fjölmiðla. Þá var kláruð vinna við þak yfir aðalstúku við Hásteinsvöll í Vestmannaeyjum. Fljótegla mun FH taka í notkun nýtt lítið knatthús og annað í fullri stærð mun fylgja í kjölfarið, auk þess sem slík mannvirki eru til skoðunar víðar, t.d. að Hlíðarenda hjá Val, í Garðabæ, Mosfellsbæ og á Sauðárkróki. Nýir gervigrasvellir eru á dagskrá auk þess sem til stendur að endurnýja gervigrasið á sumum af þeim gervigrasvöllum sem eru í notkun. Það er nauðsynlegt að huga að slíkri endurnýjun fyrr, gervigrasið slitnar og getur í raun orðið ónothæft eftir margra ára notkun fyrir leiki á efstu stigum íslenskrar knattspyrnu. Reglulegt viðhald lengir líftíma þess.

Þau ánaðgjulegu tíðindi urðu í vikunni að Sportfive lýsti yfir áhuga á að halda áfram samstarfi við KSÍ og kaupa réttinn að íslenskri knattspyrnu fyrir komandi ár eins og fyrtækið hefur gert til fjölda ára. Reyndar urðu breytingar í heimi knattspyrnunnar sem leiddu til þess að Sportfive var á síðasta ári og verður á þessu ári aðeins umboðsaðili á sölu réttindanna. En munnlegt tilboð Sportfive sem barst í vikunni þýðir að fyrtækið er aftur tilbúið að fjárfesta í íslenskri knattspyrnu. Ég ætla ekki að nefna upphæðir hér enda málinu ekki lokið en eitt er víst að íslensk knattspyrnufélög munu geta vel við unað.

Þegar rekstrarniðurstaða íslenskra félaga í tveimur efstu deildum karla er skoðuð árin 2011, 2012 og 2013 kemur í ljós að heildartekjur þeirra (24 félög) hafa aukist um 10% á þessu tímabili og voru rúmlega 2,5 milljarður 2013. Heildarútgjöld voru á pari við tekjurnar, sem virðist vera lögmál í okkar starfsemi, en það ánaðgjulega var að á þessum árum hefur heildareiginfjárstaða 24 efstu félaganna farið úr mínu 20 m.kr. í plús 143 m.kr. Fjárhagslegar forsendur leyfiskerfisins hafa því haft jákvæð áhrif á rekstur félaganna.

Í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2014 tóku gildi viðmiðunarreglur um fjárhagsstöðu þeirra félaga sem undirgangast kerfið. Annars vegar er um að ræða reglur um eiginfjárstöðu og hins vegar um skuldabyrði. Segja má að þessar viðmiðunarreglur gjörbreyti í raun þeim fjárhagslegu kröfum sem gerðar eru til þeirra félaga sem undirgangast leyfiskerfið. Öll félögin 24 sem undirgengust leyfiskerfið fyrir keppnistímabilið 2014 stóðust kröfu

um hámarksskuldabýrði, en níu félög þurftu hins vegar að skila gögnum um haustið, þar sem þau stóðust ekki kröfu um jákvæða eiginfjárstöðu. Krafa er gerð um jákvæða eiginfjárstöðu og heildarskuldir og skuldbindingar mega ekki vera hærri en 50% af meðaltali af knattspyrnulegum rekstrartekjum yfir 3 undangengin ár. Heildarskuldaða 24 efstu félaganna var um 460 m.kr. og hafði í heildina lítillega batnað á milli ára; skuldastaðan batnaði hjá 13 félögum.

Rekstur KSÍ á árinu 2014 var í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun á síðasta ársþingi. Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2014 námu 1.067 milljónum króna samanborið við 972 milljónir króna árið á undan. Hækkuun rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af auknu framlagi frá FIFA og auknum sjónvarpstekjum. Rekstrarkostnaður KSÍ var um 910 milljónir króna og lækkar frá fyrra ári um 18 milljónir króna. Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður af starfsemi KSÍ 161 milljón króna, en áætlun gerði ráð fyrir 150 milljón króna hagnaði. Styrkir og framlög til aðildarfélaga á árinu námu 150 milljónum króna, og hafa aldrei verið meiri, vegna sjónvarps- og markaðsréttinda, styrkja til barna- og ungingastarfs, leyfisherfis og fleira og er í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarfélaga er því hagnaður af rekstri KSÍ um 11 milljónir króna á árinu 2014. Fjárhags- og eignastaða KSÍ er traust við áramót og lausafjárstaða góð. Handbært fé lækkar á milli ára og var í árslok 2014 um 211 milljónir króna. Eignir námu 639 milljónum króna. Eigið fé KSÍ var riflega 211 milljónir króna í árslok. Rekstrartekjur KSÍ voru 1.067 milljónir króna eins og áður sagði, fóru í fyrsta sinn yfir milljarð, og að auki runnu um 325 milljónir króna til aðildarfélaga KSÍ sem ekki voru tekjufærðar hjá knattspyrnusambandinu heldur viðkomandi félögum en það voru framlög frá UEFA og tekjur af sjónvarps- og markaðsrétti. Í heild voru tekjurnar því tæpar 1.400 milljónir króna og var tæpur einn fjórði þeirra tekjufærður hjá aðildarfélögum sambandsins. Þá er ótalinn mannvirkjasjóður KSÍ en hann var fjármagnaður að fullu með framlagi frá UEFA og fór til framkvæmda aðildarfélaga. Alls voru greiddar rúmar 29 milljónir króna úr mannvirkjasjóð KSÍ árið 2014.

Eins og fram kemur í ársreikningi þá féll á sl. ári dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli KSÍ ehf. gegn Landsbankanum hf., en bankinn hefur áfrýjað þeim dómi til Hæstaréttar og má vænta dóms á þessu ári. Málið snýst um meint ólögmætt lán tengt gengi erlendra gjaldmiðla sem upphaflega var tekið á árinu 2006 og hefur verið greitt að fullu. Hagsmunir okkar eru miklir og geta numið nokkur hundruð milljónum króna. Við erum yfir í hálfleik en eins og við vitum manna best er leiknum ekki lokið fyrr en dómarinn flautar af.

Knattspyrnudeild FH ákvað að stefna KSÍ vegna útgáfu aðgönguskírteina 2013. Málið verður tekið fyrir í heraðsdómi Reykjavíkur en frávísunarkröfu KSÍ var hafnað. Ég vil nota tækifærið og skora á knattspyrnudeild FH að falla frá málsókninni og leita lausna innan hreyfingarinnar eins og lög KSÍ kveða á um.

Ég ákvað með stuðningi stjórnar KSÍ að gefa kost á mér í stjórn Knattspyrnusambands Evrópu. Kosið verður um 7 sæti af 15 á þungi UEFA 24. mars nk. og eru 12 í kjöri. Ég reyni að feta í fótspor fyrrverandi formanna, Ellerts og Eggerts sem báðir sátu í stjórn UEFA. Þeir njóta virðingar í Evrópu fyrir störf sín og það hjálpar mér í baráttunni. Ég er í hópi reyndari formanna knattspyrnusambanda í Evrópu, finn fyrir stuðningi en er hóflega bjartsýnn. Ég vonast eftir sigri í þessum slag en satt best að segja skiptir sigur 28. mars gegn Kasakstan mig meira máli; ég vil koma landsliðinu í úrslitakeppni EM í Frakklandi á næsta ári. Það gerum við öll. Mín fyrsta og helsta skylda er að starfa fyrir KSÍ og svo verður áfram njóti ég til þess stuðnings ykkar. Ég er reiðubúinn til áframhaldandi starfa fyrir KSÍ, hef til þess reynslu og þekkingu.

Talandi um UEFA, Karen Espelund, fyrsta konan í stjórn UEFA er gestur okkar hér í nokkra daga. Hún nýtur mikillar virðingar innan knattspyrnunnar í Evrópu fyrir störf sín, fyrst sem framkvæmdastjóri knattspyrnusambands Noregs og nú fyrir störf sín innan Knattspyrnusambands Evrópu. Við þökkum Karen hennar miklu störf og biðjum hana fyrir kveðju til forseta UEFA, Michel Platini og annarra stjórnarmanna. Þakkir til UEFA fyrir ómetanlegan stuðning við íslenska knattspyrnu.

Frábært ár er að baki í starfsemi Knattspyrnusambands Íslands. Stundirnar á vellinum voru svo oft skemmtilegar, stuðningur áhorfenda ótrúlegur og úrslitin góð. Krafturinn og dugnaðurinn í forystufólki íslenskra knattspyrnufélaga er einstakur. Þig eigið hrós skilið fyrir ykkar miklu og óeigingjörnu störf.

Stjórn KSÍ þakkar ykkur, forystusveit íslenskrar knattspyrnu, fyrir frábær störf á starfsárinu og fyrir gott samstarf. Það er fyrir ykkar miklu störf sem knattspyrnuhreyfingin á Íslandi stendur eins sterk og raun ber vitni. Við óskum ykkur gæfu á komandi keppnistímabili.

Ársþing KSÍ er vettvangur til umræðu og breytinga. Við hittumst hér til að ræða saman formlega, en ekki síður til þess að bera saman bækur okkar með óformlegum hætti. Staða íslenskrar knattspyrnu er sterk þegar ég segi 69. ársþing Knattspyrnusambands Íslands sett.

Viðurkenningar fyrir síðasta starfsá

Formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, afhenti viðurkenningar:

- Jafnréttisviðurkenningu KSÍ til Þórðar Einarssonar.
- Fjölmíðlaverðlaun KSÍ 2014 til Sport TV.
- Grasrótarverðlaun KSÍ og UEFA til Sigríðar Arndísar Jóhannsdóttur.
- Háttvísiviðurkenningu (Kvennabikarinn) í Pepsi-deild kvenna til Stjörnunnar.
- Háttvísiviðurkenningu í 1. deild kvenna til Tindastóls.
- Háttvísiviðurkenningu (Dragostytta) í Pepsi-deild karla til KR.
- Háttvísiviðurkenningu (Dragostytta) í 1. deild karla til ÍA.
- Háttvísiviðurkenningu í 2. deild karla til Fjarðabyggðar.
- Háttvísiviðurkenningu í 3. deild karla til Hattar.
- Háttvísiviðurkenningu í 4. deild karla til KFG.
- Dómaraviðurkenning KSÍ til FH og ÍA.

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Almar Guðmundsson, formaður

Jónas Sigurðsson

Þorsteinn Magnússon

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Guðmundur Pétursson

2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki. Þingforseti tók því næst við þingstjórn.

Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson

2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Lárus Blöndal forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands tók til máls. Hann hrósaði stjórn KSÍ fyrir ársreikninga sambandsins og rekstur þess. Hann ræddi um árangur A-landsliðs karla á árinu sem Lárus telur vera einn besta árangur íslenskrar íþróttasögu, sérstaklega sigurinn gegn Hollandi. Lárus hrósaði einnig yngri landsliðum og nefndi sérstaklega bronsverðlaun U15 karla á Ólympíuleikum ungmenna í Kína. Lárus ræddi um uppbyggingu hjá KSÍ og aðildarfélögum, batnandi aðstöðu knattspyrnufólks og aðkomu sveitarfélaga. Hann færði stjórn KSÍ þakkir frá ÍSÍ fyrir frábæran árangur og óskaði knattspyrnuhreyfingunni til hamingju með gott starf.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, tók til máls og sagði að það væri alltaf gaman að vera á ársþingum KSÍ og ársskýrsla KSÍ sýndi vel hið góða starf sambandsins. Hún flutti kveðju frá stjórn og starfsmönnum UMFÍ og þakkir fyrir gott samstarf. Helga gladdist yfir árangri ungmannafélaga í Íslandsmótunum í knattspyrnu og árangri landsliðanna. Helga ræddi um forvarnir í starfsemi íþróttafélaga, taldi ekki nægja að fara af stað með átaksverkefni, fræðsla þyrfti að vera stöðug svo að árangur næðist og hún sagðist vilja sjá meira af slíku hjá jafn sterku sambandi og KSÍ. Helga óskaði öllum góðs gengis í komandi verkefnum og þakkaði fyrir gott sjálfboðaliðastarf. Íslandi allt.

Karen Espelund stjórnarmerður UEFA og sérstakur gestur KSÍ á þinginu tók til máls. Karen óskaði KSÍ til hamingju með alla þá þá starfsemi sem sambandið stendur fyrir og þeim árangri sem hefur náðst. Landslið karla og kvenna hefðu vakið mikla athygli. Hún sagði samstarf hreyfingarinnar við stjórvöld og sveitarfélög til fyrirmynðar til að gefa öllum tækifæri til að iðka knattspyrnu. Hún þakkaði KSÍ fyrir framlag sambandsins til UEFA með til dæmis þáttöku í nefndastörfum og að skipuleggja úrlitakeppnir. Karen nefndi að Ísland tæki þátt í öllum mótum sem UEFA stendur fyrir og að sambandið væri virkur þátttakandi í fræðslustarfi UEFA. KSÍ væri sjálfstætt og sterkt samband með áherslu á grásrótarstarf og sterkt félög. Karen kom víða við í ræðu sinni og nefndi til dæmis nýtt fyrirkomulag móta A landsliða karla sem að hjálpa minni samböndum. Hún ræddi að efnahagsástandið í Evrópu virðist ekki hafa haft áhrif á fjárhagslega stöðu fótboltans og markaðsvirði hans. Karen ræddi um veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita og sagði að enginn afsláttur yrði gefinn í samstíga baráttu gegn slíku. Hún ræddi um baráttuna gegn mismunun og sagðist telja fótboltann vera gott tæki til að tryggja fjölbreytileika, á vellinum og líka í stjórnun knattspyrnunnar. Hún ræddi um fjárhagslegan stuðning UEFA, fjárhagslega háttvísi og jöfnuð, eignarhald leikmanna og starfsemina hjá FIFA. Í lokaorðum sínum óskaði hún aðildarfélögum KSÍ til hamingju með gott starf og þakkaði fyrir gott samstarf.

Álit kjörbréfaneftndar

Almar Guðmundsson flutti álit kjörbréfaneftndar.

Frá HSB (1): Samúel Samúelsson.

Frá HSH (4): Jónas Gestur Jónasson, Þorgrímur Þráinsson, Stefán Elínbergsson og Helgi Kristjánsson.

Frá HSK (7): Sveinbjörn Másson, Sævar Þór Gíslason, Hafþór Sævarsson, Sveinn Jónsson, Guðbjartur Örn Einarsson, Kristmar Geir Björnsson og Hafþór Theodórsson.

Frá HSV (2): Gísli Jón Hjaltason og Ívar Pétursson.

Frá HSP (2): Jónas Halldór Friðriksson og Stefán Jónsson.

Frá ÍA (4): Magnús Guðmundsson, Kolbrún Hreinsdóttir, Örn Gunnarsson og Haraldur Ingólfsson.

Frá ÍBA (6): Eiður A Pálmason, Orri Stefánsson, Brynjólfur Sveinsson, Eiríkur Jóhannsson, Águst Stefánsson og Sævar Pétursson.

Frá ÍBH (6): Jón Erlendsson, Magnús Gunnarsson, Jóhann Unnar Sigurðsson, Birgir Jóhannsson, Viðar Halldórsson og Valdimar Svavarsson.

Frá ÍBR (6): Þorsteinn Magnússon, Einar H. Aðalbjörnsson, Hjörleifur Stefánsson, Oddur Sæmundsson Leifur Gunnlaugsson og Andrés Ottósson.

Frá ÍBR (40): Kári Arnórsson, Kristján Einarsson, Ólafur Geir Magnússon, Stefán Segatta, Þorvaldur Árnason, Kristinn Kjærnested, Jónas Kristinsson, Þorlákur Björnsson, Þóra H. Passauer, Þórður Einarsson, Arnar Einarsson, Gísli Hauksson, Feldís Lilja Óskarsdóttir, Björn Guðbjörnsson, Börkur Edvardsson, Jóhann Már Helgason, Andri Marteinsson, Haraldur Haraldsson, Heimir Gunnlaugsson, Katla Guðjónsdóttir, Gylfi Jens Gylfason, Ótthar Edvardsson, Stefán Hrafn Hagalín, Sverrir Einarsson, Lúðvík Þorgeirsson, Halldór Þ. Halldórsson, Friðrik Þorsteinsson, Magnús Örn Þórðarson, Björn Ívar Björnsson, Zakaria Elias Anbari Sigurður Sighvatsson, Hörður Brynjar Halldórsson, Jónas Sigurðsson, Stefan Karl Snorrason, Helgi Þorsteinsson, Einar Hermannsson, Valur Ingi Johnsen, Sigurður K. Pálsson og Nils Helgi Nilsson.

Frá ÍBV (5): Hjálmar Jónsson, Ingi Sigurðsson, Bjarni Ólafur Guðmundsson, Hjalti Kristjánsson og Örn Hilmisson.

Frá ÍS (6): Jónas Þórhallsson, Helgi Bogason, Sigurður Halldórsson, Ari Gylfason, Gísli Hreiðarsson og Marteinn Ægisson.

Frá UÍA (10): Bjarni Ólafur Birkisson, Ívar Sæmundsson, Stefán Már Guðmundsson, Benedikt Jónsson, Kristófer Kristjánsson, Guðbjörg Rós Guðjónsdóttir, Björgvin H Pétursson, Tómas Guðjónsson, Friðjón Gunnlaugsson og Guðmundur Magnússon.

Frá UMSE (1): Björn Friðþjófsson.

Frá UMSB (1): Ívar Örn Reynisson.

Frá UMSK (20): Eysteinn Marvinsson, Benedikt Höskuldsson, Baldur Már Bragason, Björgvin Júníusson, Borghildur Sigurðardóttir, Eysteinn P. Lárusson, Jón S. Garðarsson, Ólafur Hrafn Ólafsson, Árni Pétursson, Magnús Gunnarsson, Algírdas Slapikas, Ingólfur Garðarsson, Steinar Kristjánsson, Óli Valur Steindórsson, Bjarki Már Sverrisson, Valdimar Leó Friðriksson, Almar Guðmundsson, Sæmundur Friðjónsson, Viktor Ingi Olsen og Valgeir Sigurðsson.

Frá UMSS (2): Ómar Bragi Stefánsson og Ingvi Hrannar Ómarsson.

Frá USÚ (2): Kristján S. Guðnason og Gunnar Ingi Valgeirsson.

Enginn mætti frá: HHF, HSS, UÍF, UDN, USAH og USVH.

Fyrrnefndir 126 fulltrúar (af 146) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið. Þar að auki mættu fulltrúar héraðssambanda/íþróttabandalaga.

Framkvæmdastjóri KSÍ, Þórir Hákonarson, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.

Gjaldkeri KSÍ, Guðrún Inga Sívertsen, lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Viðar Halldórsson tók til máls og þakkaði fyrir öflugt starf og góða skýrslu. Hann þakkaði gjaldkera fyrir auknar skýringar á reikningum sambandsins en telur að hægt sé að gera enn betur. Reikningar sambandsins væru í góðu standi og aðaltekjurnar kæmu með styrkjum frá UEFA og sjónvarpstejkjum, þ.e frá keppnum félagsliða. Þar af leiðandi væri rétt að félögin fengju stærri hlutdeild af þeim tekjum og það væri verið að berjast fyrir því. Viðar nefndi að framlag UEFA til KSÍ hefði fjórfaldast á 10 árum sem væri gott mál en við þyrftum að sækja meira. Viðar nefndi að nú orðið væri allt borgað fyrir félögin og varpaði fram þeirri spurningu hvort að verið væri að ganga of langt í slíku. Allt frítt er óhollt. Viðar ræddi orð Geirs í opnunarræðu sinni þar sem málaferli FH komu til tals. Viðar sagði að FH teldi að á sér (og fleirum) hafi verið brotið og ekki hefði verið farið eftir reglugerð. Viðar sagði að FH hefði alltaf verið tilbúið til sátta og að semja um niðurstöðu en að eina leið FH til að fá niðurstöðu virtist vera dómslóaleiðin. Viðar endaði tölu sína á að ræða um ráðstefnu KSÍ um kvenna-knattspyrnu sem fram fór daginn fyrir ársþing. Kvennaknattspyrna væri í stöðugri sókn og KSÍ ætti þakkir skildar fyrir gott starf varðandi það.

Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og þakkaði fyrir góða skýrslu stjórnar og skýra reikninga. Sérstakar þakkir til gjaldkera sambandsins. Valdimar ræddi um framkomna tillögu um virðisaukaskatt og ræddi um greiðslur frá sambandinu niður til félaganna. Hann ræddi um dómsmál FH og vildi reyna að leysa innan hreyfingarinnar. Hann sagði að FH stæði ekki eitt í þessu máli og lagði til að formaður KSÍ tæki í útréttu sáttahönd FH og jafnaði ágreininginn innan hreyfingarinnar fyrir kvöldið. Valdimar varpaði fram þeirri spurningu hvort að það væri kominn tími til að fækka ársþingum og hafa fjórða hvert þing úti á landi. Í staðinn væri hægt að hafa öflugri formannafundi þar sem hver formaður færi með eitt atkvæði.

Reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 14

Tillögur á þingskjölum 6 til 16 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6

Þórir Hákonarson hafði framsögu.

Rekstraráætlun 2015

| | Skýr. | Áætlun 2015 | Raun 2014 | Áætlun 2014 |
|---|-------|----------------------|----------------------|----------------------|
| Rekstrartekjur | | | | |
| Styrkir og framlög | 1 | 604.800.000 | 537.435.720 | 524.500.000 |
| Tekjur af landsleikjum | | 40.000.000 | 40.686.308 | 40.000.000 |
| Sjónvarpsréttur | | 380.000.000 | 392.563.275 | 380.000.000 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 38.700.000 | 39.231.703 | 38.500.000 |
| Rekstrartekjur Laugardalsvallar | | 64.800.000 | 56.623.962 | 50.800.000 |
| | | 1.128.300.000 | 1.066.540.968 | 1.033.800.000 |
| Rekstrargjöld | | | | |
| Kostnaður við landslið | 2 | -492.980.000 | -420.505.591 | -409.650.000 |
| Mótakostnaður | | -142.900.000 | -140.562.704 | -138.900.000 |
| Fraeðslukostnaður | | -38.000.000 | -35.045.215 | -44.600.000 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 3 | -197.320.000 | -193.415.013 | -194.500.000 |
| Húsnæðiskostnaður | | -21.400.000 | -20.600.484 | -19.600.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | | -7.000.000 | -17.627.961 | -16.000.000 |
| Rekstrargjöld Laugardalsvallar | | -69.700.000 | -65.103.094 | -59.550.000 |
| Afskriftir | | -15.000.000 | -16.710.574 | -15.000.000 |
| | | -984.300.000 | -909.570.636 | -897.800.000 |
| Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld | | 144.000.000 | 156.970.332 | 136.000.000 |
| Aðrar tekjur og gjöld | | | | |
| Styrkir vegna mannvirkjasjóðs KSÍ | | 15.000.000 | 29.258.105 | 30.000.000 |
| Framlög úr mannvirkjasjóði KSÍ | | -15.000.000 | -29.258.105 | -30.000.000 |
| Fjármunatekjur | | 10.000.000 | 9.248.485 | 15.000.000 |
| Fjármagnsgjöld | | -1.000.000 | -3.351.182 | -1.000.000 |
| Gengismunur | | 0 | -2.090.448 | 0 |
| | | 9.000.000 | 3.806.855 | 14.000.000 |
| Hagnaður/tap ársins | | 153.000.000 | 160.777.187 | 150.000.000 |
| Styrkir og framlög til aðildarfélaga | | -153.000.000 | -149.882.655 | -150.000.000 |
| Niðurstaða eftir greiðslur til aðildarfélaga | | 0 | 10.894.532 | 0 |

| | Áætlun 2015 | Raun 2014 | Áætlun 2014 |
|--|--------------------|--------------------|--------------------|
| 1. Styrkir og framlög | | | |
| ÍSÍ | 28.800.000 | 30.805.819 | 27.500.000 |
| Getraunir | 6.000.000 | 5.998.089 | 6.000.000 |
| UEFA styrkir | 382.000.000 | 375.999.067 | 381.000.000 |
| FIFA styrkur | 128.000.000 | 75.785.575 | 50.000.000 |
| Ýmsir styrkir | 60.000.000 | 48.847.170 | 60.000.000 |
| | 604.800.000 | 537.435.720 | 524.500.000 |
| 2. Kostnaður við landslið | | | |
| A-landslið karla | 220.800.000 | 159.566.188 | 161.450.000 |
| U-21 landslið karla | 50.350.000 | 51.802.032 | 40.900.000 |
| U-19 landslið karla | 22.500.000 | 22.670.398 | 22.400.000 |
| U-17 landslið drengja | 34.040.000 | 29.582.196 | 28.800.000 |
| A-landslið kvenna | 83.900.000 | 85.295.878 | 90.700.000 |
| U-19 landslið kvenna | 23.810.000 | 20.632.918 | 22.400.000 |
| U-17 landslið stúlkna | 28.250.000 | 18.008.462 | 16.700.000 |
| Sameiginlegur landsliðskostnaður | 29.330.000 | 32.947.519 | 26.300.000 |
| | 492.980.000 | 420.505.591 | 409.650.000 |
| 3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | | |
| Launakostnaður | 114.000.000 | 105.764.955 | 107.300.000 |
| Launatengd gjöld | 23.700.000 | 21.336.858 | 22.100.000 |
| Skrifstofu- og rekstrarkostnaður | 59.620.000 | 66.313.200 | 64.100.000 |
| | 197.320.000 | 193.415.013 | 194.500.000 |

Viðar Halldórsson tók til máls og nefnda að það kæmi á óvart að það væru einungis 15 milljónir eftir í mannvirkjasjóðnum. Viðar telur að það eigi að sækja meiri fjármuni til UEFA í þennan málauflokk þar sem mikil gróska væri í mannvirkjamálum. Viðar hrósaði stjórn fyrir góða fjárhagsáætlun.

Geir Þorsteinsson tók til máls og svaraði Viðari varðandi greiðslur úr mannvirkjasjóð. Stjórn KSÍ mun beita sér fyrir því að fá meira fjármagn í sjóðinn til að úthluta til félaganna en KSÍ hefur þegar sótt til UEFA varðandi meira framlag í mannvirkjamál. Ræddi líka um framlag frá sveitafélögum. Geir nefndi líka að það mætti koma fjármagn frá samtökum félaganna í Evrópu, ECA, en Viðar er fulltrúi þar.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt.

Þingskjali 7

Róbert Agnarsson hafði framsögu.

**Ályktunartillaga –
starfshópur um aldursflokkaskiptingu yngri flokka kvenna
– Eldri leikmenn í 2. flokki kvenna –**

Ársþing KSÍ 2015 samþykkir að heimilt verði í Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks kvenna árið 2015 að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

Greinargerð:

Með þessu er heimilt að nota þrjá eldri leikmenn úr næstu þremur árgögum fyrir ofan 2. flokk. Umræddir leikmenn mega ekki hafa leikið í næsta leik á undan með meistaraflokki félagsins. Með þessu geta ungr leikmenn á meistaraflokkssaldri, sem eru t.d. varamenn og fá ekki að leika, fengið verkefni og einnig hjálpað féluginu sínu að halda úti keppnisliði. Lagt er til að þetta sé tilraunaverkefni til eins árs og að stjórn KSÍ verði falið að meta hvernig til hafi tekist og ákveða með framhaldið.

Starfshópur um aldursflokkaskiptingu yngri flokka kvenna

Gísli Gíslason
Lúðvík Arnarson
Róbert B. Agnarsson
Selma Sigurjónsdóttir
Viggó Magnússon

Valgeir Sigurðsson styður tillöguna en telur að það þurfa að skoða málið betur.

Stefán Guðmundsson tók til máls og taldi tillöguna vera góða en ætti að ná líka yfir drengi. Ræddi í þessu samhengi fjármál og ferðakostnað.

Viðar Halldórsson tók til máls og mælti gegn tillöggunni.

Tillaga á þingskjali 7 var samþykkt.

Þingskjal 8

Framsögu hafði Daði Rafnsson.

**Ályktunartillaga um breytingu
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
- stúlkur með drengjum í 3. flokki -**

Lagt er til við stjórn KSÍ að gerð verði breyting á ákvæði 7.5. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Núgildandi ákvæði:

7.5. Félagi er heimilt að leyfa konum að taka þátt í keppni með liði karla í 4. aldursflokki og enn yngri flokkum.

Tillaga:

7.5. Félagi er heimilt að leyfa konum að taka þátt í keppni með liði karla í 3. aldursflokki og enn yngri flokkum.

Greinargerð:

Gott fyrir efnilega leikmenn sem þurfa krefjandi verkefni. Hjálpar fámennum félögum að ná í lið. Lagt er til að stúlkur megi spila með drengjum í 3. flokki en í dag mega þær spila með 4. flokki og yngri. Margar af fremstu þjóðum Evrópu í kvennaknattspyrnu, til að mynda Holland og Sviss, leyfa stúlkum að spila með drengjum, eins lengi og félöginn sjálf vilja. Í Þýskalandi og Sviss mega stúlkur spila með drengjum sem eru einutveimur árum yngri. Með þessu gætu efnilegir leikmenn fengið krefjandi verkefni fram eftir aldri með jafnoldrum í stað þess að fara of hratt upp í fullorðinsumhverfi meistaraflokka. Þetta myndi jafnframt gagnast smærri félögum við að manna lið og gefa uppoldum stúlkum krefjandi verkefni ef kvennaflókkarnir eru fámennir.

Knattspyrnudeild Breiðabliks

Viðar Halldórsson tók til máls og sagðist telja að ekki væri rétt að leyfa þetta fullorðnum stúlkum að spila með piltaliðum. Hann nefndi m.a. vandamál vegna búningsaðstöðu.

Tillaga á þingskjali 8 var samþykkt.

Þingskjal 9

Framsögu hafði Jóhannes Ólafsson.

**Ályktunartillaga -
starfshópur um jöfnun ferðakostnaðar
– Ferðapáttökugjald –**

Tillaga:

Ársþing KSÍ 2015 samþykkir að félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistarafloks greiði ferðapáttökugjald skv. reglum sem stjórni KSÍ setur en þær skulu taka mið af eftirfarandi:

- *Ferðapáttökugjaldið skal reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir hverja deild fyrir sig og hvern riðil fyrir sig. Við útreikninga skal miða við sérstakt kílómetragjald fyrir keppnislið í heild sinni, 200 kr. pr. kílómetra, og má því aðeins breyta þeiri upphæð með samþykkt ársþings.*

- *Ferðapáttökugjaldið skal greitt eigi síðar en 1. maí ár hvert til þess að jafna sem mest kostnað liða vegna ferðalaga og skal upphæðin vera nettó á hvert félag fyrir sig bannig að félög sem eignast inneign komast hjá greiðslu gjaldsins. Félög sem eignast inneign skv. útreikningum mótanefndar KSÍ skulu fá greitt í tvennu lagi, eftir fyrrí og seinni hluta mótsins. Greiði félag ekki innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000 pr. dag frá 3. maí að telja.*

Greinargerð:

Á síðasta ársþingi var samþykkt að skipa 5 manna starfshóp sem myndi koma með tillögu um jöfnun ferðakostnaðar í mótum meistarafloks og hvernig verði staðið að framkvæmd jöfnunar þannig að jafnræðis gæti milli félaga sambandsins. Umræða innan hreyfingarinnar hefur verið árleg um þann mikla mismun sem er á milli félaga vegna ferðakostnaðar og hallar þar eðlilega á landsbyggðarliðin.

Í tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir að 20 manna hópur ferðist á 5 bílaleigubílum og greitt sé 200 kr. pr. kílómetra. Vegalengdir milli keppnisstaða sem eru reiknaðar miða við akstur milli leikstaða samkvæmt uppgfenum fjarlægðum á vef Vegagerðar ríkisins. Ferðapáttökugjaldið skal vera fyrir hverja deild fyrir sig sig og að hver deild er sjálfstæð við útreikninginn. Það er trú nefndarinnar að með þessari tillögu verði stigið stórt skref til jafnaðar innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

| Pepsi-karla | Breiðablik | FH | Fjölnir | Fylkir | ÍA | ÍBV | Keflavík | KR | Leiknir | Stjarnan | Valur | Víkingur | Samtals | Kostn. pr. Félag | Gr. nettó pr. Félag | |
|---------------|------------|-----|---------|--------|-----|-----|----------|-----|---------|----------|-------|----------|-----------|------------------|---------------------|------------|
| 1 Breiðablik | | | | | 49 | 171 | 46 | | | | | | | 532 | 106.400 kr. | 86.800 kr. |
| 2 FH | | | | | 49 | 171 | 46 | | | | | | | 532 | 106.400 kr. | 86.800 kr. |
| 3 Fjölnir | | | | | 49 | 171 | 46 | | | | | | | 532 | 106.400 kr. | 86.800 kr. |
| 4 Fylkir | | | | | 49 | 171 | 46 | | | | | | | 532 | 106.400 kr. | 86.800 kr. |
| 5 ÍA | 49 | 49 | 49 | 49 | 205 | 90 | 49 | 49 | 49 | 49 | 49 | | | 1472 | 294.400 kr. | - |
| 6 ÍBV | 171 | 171 | 171 | 171 | 205 | 209 | 171 | 171 | 171 | 171 | 171 | | | 3906 | 781.200 kr. | - |
| 7 Keflavík | 46 | 46 | 46 | 46 | 90 | 209 | 46 | 46 | 46 | 46 | 46 | | | 1426 | 285.200 kr. | - |
| 8 KR | | | | | 49 | 171 | 46 | | | | | | | 532 | 106.400 kr. | 86.800 kr. |
| 9 Leiknir | | | | | 49 | 171 | 46 | | | | | | | 532 | 106.400 kr. | 86.800 kr. |
| 10 Stjarnan | | | | | 49 | 171 | 46 | | | | | | | 532 | 106.400 kr. | 86.800 kr. |
| 11 Valur | | | | | 49 | 171 | 46 | | | | | | | 532 | 106.400 kr. | 86.800 kr. |
| 12 Víkingur | | | | | 49 | 171 | 46 | | | | | | | 532 | 106.400 kr. | 86.800 kr. |
| | | | | | | | | | | | | | | Bilar | | |
| Jöfnunargjald | | | | | | | | | | | | | Einingar: | 11592 km | 2.318.400 5 | |
| 193.200 | | | | | | | | | | | | | Tekjur: | 2.318.400 kr. | kr pr km 40 | |

| 1. deild ka. | Bí/Bol | Fjarðabyggð | Fram | Grindavík | Gróta | Haukar | HK | KA | Selfoss | Víkingur Ó | pór | þróttur | Samtals | Greiðslur pr. Félag | Gr. nettó pr. Félag | |
|---------------|--------|-------------|------|-----------|-------|--------|-----|-----|---------|------------|-----|---------|----------|---------------------|---------------------|--|
| 1 Bí/Bol | 860 | | 455 | 500 | 455 | 455 | 455 | 558 | 497 | 433 | 558 | 455 | 11362 | 2.272.400 kr. | - | |
| 2 Fjarðabyggð | 860 | | 693 | 719 | 693 | 693 | 693 | 309 | 627 | 712 | 309 | 693 | 14002 | 2.800.400 kr. | - | |
| 3 Fram | 455 | 693 | | 50 | | | | 388 | 57 | 195 | 388 | | 4452 | 890.400 kr. | 460.267 kr. | |
| 4 Grindavík | 500 | 719 | 50 | 50 | 40 | 50 | 433 | 84 | 240 | 433 | 50 | | 5298 | 1.059.600 kr. | 291.067 kr. | |
| 5 Gróta | 455 | 693 | | 50 | | | | 388 | 57 | 195 | 388 | | 4452 | 890.400 kr. | 460.267 kr. | |
| 6 Haukar | 455 | 693 | | 40 | | | | 388 | 57 | 195 | 388 | | 4432 | 886.400 kr. | 464.267 kr. | |
| 7 HK | 455 | 693 | | 50 | | | | 388 | 57 | 195 | 388 | | 4452 | 890.400 kr. | 460.267 kr. | |
| 8 KA | 558 | 309 | 388 | 433 | 388 | 388 | 388 | 430 | 393 | | 388 | | 8126 | 1.625.200 kr. | - | |
| 9 Selfoss | 497 | 627 | 57 | 84 | 50 | 50 | 50 | 430 | | 236 | 430 | 50 | 5122 | 1.024.400 kr. | 326.267 kr. | |
| 10 Víkingur Ó | 433 | 712 | 195 | 240 | 195 | 195 | 195 | 393 | 236 | 393 | 195 | | 6764 | 1.352.800 kr. | - | |
| 11 pór | 558 | 309 | 388 | 433 | 388 | 388 | 388 | 430 | 393 | | 388 | | 8126 | 1.625.200 kr. | - | |
| 12 þróttur | 455 | 693 | | 50 | | | | 388 | 57 | 195 | 388 | | 4452 | 890.400 kr. | 460.267 kr. | |
| | | | | | | | | | | | | | | Bilar | | |
| Jöfnunargjald | | | | | | | | | | | | | 81040 km | 16.208.000 5 | | |
| 1.350.667 | | | | | | | | | | | | | | 16.208.000 kr. | kr pr km 40 | |

| 2. deild ka. | Afturelding | Dalvík/Reynir | Huginn | Höttur | ÍR | KF | KV | Leiknir F | Njarðvík | Sindri | Tindastóll | Ægir | Samtals | Greiðslur pr. Félag | Gr. nettó pr. Félag |
|-----------------|-------------|---------------|--------|--------|-----|-----|-----|-----------|----------|--------|------------|-----------|----------------|---------------------|---------------------|
| 1 Afturelding | 397 | 665 | 637 | 0 | 388 | 0 | 660 | 55 | 458 | 276 | 51 | 7174 | 1.434.800 kr. | 178.167 kr. | |
| 2 Dalvík/Reynir | 397 | 335 | 307 | 412 | 0 | 412 | 357 | 452 | 486 | 129 | 448 | 7470 | 1.494.000 kr. | 118.967 kr. | |
| 3 Huginn | 665 | 335 | 28 | 680 | 353 | 680 | 75 | 720 | 213 | 412 | 634 | 9590 | 1.918.000 kr. | - | 305.033 kr. |
| 4 Höttur | 637 | 307 | 28 | 652 | 325 | 652 | 50 | 692 | 185 | 384 | 606 | 9036 | 1.807.200 kr. | - | 194.233 kr. |
| 5 ÍR | 0 | 412 | 680 | 652 | 403 | 0 | 660 | 0 | 458 | 291 | 51 | 7214 | 1.442.800 kr. | - | 170.167 kr. |
| 6 KF | 388 | 0 | 353 | 325 | 403 | 403 | 374 | 469 | 503 | 112 | 465 | 7590 | 1.518.000 kr. | - | 94.967 kr. |
| 7 KV | 0 | 412 | 680 | 652 | 0 | 403 | 660 | 51 | 458 | 291 | 51 | 7316 | 1.463.200 kr. | - | 149.767 kr. |
| 8 Leiknir F | 660 | 357 | 75 | 50 | 660 | 374 | 660 | 698 | 211 | 433 | 632 | 9620 | 1.924.000 kr. | - | 311.033 kr. |
| 9 Njarðvík | 51 | 452 | 720 | 692 | 51 | 469 | 51 | 698 | 495 | 331 | 80 | 8180 | 1.636.000 kr. | - | 23.033 kr. |
| 10 Sindri | 458 | 486 | 213 | 185 | 458 | 503 | 458 | 211 | 495 | 569 | 429 | 8930 | 1.786.000 kr. | - | 173.033 kr. |
| 11 Tindastóll | 276 | 129 | 412 | 384 | 291 | 112 | 291 | 433 | 331 | 569 | 327 | 7110 | 1.422.000 kr. | - | 190.967 kr. |
| 12 Ægir | 51 | 448 | 634 | 606 | 51 | 465 | 51 | 632 | 80 | 429 | 327 | 7548 | 1.509.600 kr. | - | 103.367 kr. |
| | | | | | | | | | | | | | | Bílar | |
| Jöfnunargjald | | | | | | | | | | | | 96778 km | 19.355.600 5 | | |
| | | | | | | | | | | | | 1.612.967 | 19.355.600 kr. | kr pr km | 40 |

| Pepsi-kvenna | Afturelding | Breiðablik | Fylkir | ÍBV | KR | Selfoss | Stjarnan | Valur | pór/KA | Þróttur R | Samtals | Greiðslur pr. Félag | Gr. nettó pr. Félag | |
|---------------|-------------|------------|--------|-----|-----|---------|----------|-------|--------|-----------|----------|---------------------|---------------------|-------------|
| 1 Afturelding | 0 | 0 | 0 | 171 | 0 | 57 | 0 | 0 | 373 | 0 | 1202 | 200.333 kr. | 158.667 kr. | |
| 2 Breiðablik | 0 | 0 | 0 | 171 | 0 | 57 | 0 | 0 | 388 | 0 | 1232 | 205.333 kr. | 153.667 kr. | |
| 3 Fylkir | 0 | 0 | 0 | 171 | 0 | 57 | 0 | 0 | 388 | 0 | 1232 | 205.333 kr. | 153.667 kr. | |
| 4 ÍBV | 171 | 171 | 171 | 0 | 171 | 114 | 171 | 171 | 544 | 171 | 3710 | 618.333 kr. | - | 259.333 kr. |
| 5 KR | 0 | 0 | 0 | 171 | 0 | 57 | 0 | 0 | 388 | 0 | 1232 | 205.333 kr. | 153.667 kr. | |
| 6 Selfoss | 57 | 57 | 57 | 114 | 57 | 57 | 57 | 57 | 430 | 57 | 1886 | 314.333 kr. | 44.667 kr. | |
| 7 Stjarnan | 0 | 0 | 0 | 171 | 0 | 57 | 0 | 0 | 388 | 0 | 1232 | 205.333 kr. | 153.667 kr. | |
| 8 Valur | 0 | 0 | 0 | 171 | 0 | 57 | 0 | 0 | 388 | 0 | 1232 | 205.333 kr. | 153.667 kr. | |
| 9 pór/KA | 373 | 388 | 388 | 544 | 388 | 430 | 388 | 388 | 388 | 388 | 7350 | 1.225.000 kr. | - | 866.000 kr. |
| 10 Þróttur R | 0 | 0 | 0 | 171 | 0 | 57 | 0 | 0 | 388 | 0 | 1232 | 205.333 kr. | 153.667 kr. | |
| | | | | | | | | | | | | | | Bílar |
| Jöfnunargjald | | | | | | | | | | | 21540 km | 4.308.000 5 | | |
| | | | | | | | | | | | 359.000 | 3.590.000 kr. | kr pr km | 40 |

| 3. deild karla | Álfanes | Berserkir | Einherji | KFS | Kári | KFR | Magni | Reynir S | Víðair | Völsungur | Samtals | Greiðslur pr. Félag | Gr. nettó pr. Félag | |
|----------------|---------|-----------|----------|-----|------|-----|-------|----------|--------|-----------|---------|---------------------|---------------------|-------------|
| 1 Álfanes | 0 | 621 | 171 | 49 | 106 | 426 | 50 | 50 | 50 | 479 | 3904 | 650.667 kr. | 293.533 kr. | |
| 2 Berserkir | 0 | 621 | 171 | 49 | 106 | 426 | 50 | 50 | 50 | 479 | 3904 | 650.667 kr. | 293.533 kr. | |
| 3 Einherji | 621 | 621 | 688 | 584 | 660 | 231 | 670 | 670 | 188 | | 9866 | 1.644.333 kr. | - | 700.133 kr. |
| 4 KFS | 171 | 171 | 688 | 205 | 66 | 582 | 217 | 217 | 631 | | 5896 | 982.667 kr. | - | 38.467 kr. |
| 5 Kári | 49 | 49 | 584 | 205 | 140 | 390 | 98 | 98 | 443 | | 4112 | 685.333 kr. | | 258.867 kr. |
| 6 KFR | 106 | 106 | 660 | 66 | 140 | 516 | 152 | 152 | 569 | | 4934 | 822.333 kr. | | 121.867 kr. |
| 7 Magni | 426 | 426 | 231 | 582 | 390 | 516 | 476 | 476 | 90 | | 7226 | 1.204.333 kr. | - | 260.133 kr. |
| 8 Reynir S | 50 | 50 | 670 | 217 | 90 | 152 | 476 | 0 | 529 | | 4468 | 744.667 kr. | | 199.533 kr. |
| 9 Víðir | 50 | 50 | 670 | 217 | 90 | 152 | 476 | 0 | 529 | | 4468 | 744.667 kr. | | 199.533 kr. |
| 10 Völsungur | 479 | 479 | 188 | 631 | 443 | 569 | 90 | 529 | 529 | | 7874 | 1.312.333 kr. | - | 368.133 kr. |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | |

| 1. deild kv. 2 | Álfanes | FH | Fjölnir | Fram | Grindavík | Hvítir riddarinn | Vikingur Ó | Samtals | Greiðslur pr. Félag | Gr. nettó pr. Félag |
|--------------------|---------|-----|---------|------|-----------|------------------|------------|---------------|---------------------|---------------------|
| 1 Álfanes | | 0 | 0 | 0 | 50 | 0 | 195 | 490 | 98.000 kr. | 69.429 kr. |
| 2 FH | 0 | | 0 | 0 | 50 | 0 | 195 | 490 | 98.000 kr. | 69.429 kr. |
| 3 Fjölnir | 0 | 0 | | 0 | 50 | 0 | 195 | 490 | 98.000 kr. | 69.429 kr. |
| 4 Fram | 0 | 0 | 0 | | 50 | 0 | 195 | 490 | 98.000 kr. | 69.429 kr. |
| 5 Grindavík | 50 | 50 | 50 | 50 | | 50 | 240 | 980 | 196.000 kr. | - |
| 6 Hvítir riddarinn | 0 | 0 | 0 | 0 | 50 | | 195 | 490 | 98.000 kr. | 69.429 kr. |
| 7 Vikingur Ó | 195 | 195 | 195 | 195 | 240 | 195 | | 2430 | 486.000 kr. | - |
| | | | | | | | | | | 318.571 kr. |
| | | | | | | | | | Bilar | |
| Jöfnunargjald | | | | | | | | 5860 km | 1.172.000 5 | |
| 167.429 | | | | | | | | 1.172.000 kr. | kr pr km 40 | |

| 1. deild kv. 3 | Einherji | Fjarðabyggð | Hamrnarir | Höttur | Síndri | Tindastóll | Völsungur | Samtals | Greiðslur pr. Félag | Gr. nettó pr. Félag |
|----------------|----------|-------------|-----------|--------|--------|------------|-----------|---------------|---------------------|---------------------|
| 1 Einherji | | 180 | 233 | 131 | 316 | 352 | 188 | 2800 | 560.000 kr. | 87.771 kr. |
| 2 Fjarðabyggð | 180 | | 313 | 49 | 243 | 432 | 268 | 2970 | 594.000 kr. | 53.771 kr. |
| 3 Hamrnarir | 233 | 313 | | 264 | 510 | 120 | 91 | 3062 | 612.400 kr. | 35.371 kr. |
| 4 Höttur | 131 | 49 | 264 | | 187 | 384 | 219 | 2468 | 493.600 kr. | 154.171 kr. |
| 5 Síndri | 316 | 243 | 510 | 187 | | 571 | 406 | 4466 | 893.200 kr. | - |
| 6 Tindastóll | 352 | 432 | 120 | 384 | 571 | | 211 | 4140 | 828.000 kr. | - |
| 7 Völsungur | 188 | 268 | 91 | 219 | 406 | 211 | | 2766 | 553.200 kr. | 94.571 kr. |
| | | | | | | | | | Bilar | |
| Jöfnunargjald | | | | | | | | 22672 km | 4.534.400 5 | |
| 647.771 | | | | | | | | 4.534.400 kr. | kr pr km 40 | |

| 4. deild karla A | Árborg | Hamar | ÍH | Kóngarnir | Léttir | Máni | Stokkseyri | Samtals | Greiðslur pr. Félag | Gr. nettó pr. Félag |
|------------------|--------|-------|-----|-----------|--------|------|------------|---------------|---------------------|---------------------|
| 1 Árborg | | 0 | 57 | 57 | 57 | 401 | 0 | 1144 | 228.800 kr. | 128.514 kr. |
| 2 Hamar | 0 | | 45 | 45 | 45 | 413 | 27 | 1150 | 230.000 kr. | 127.314 kr. |
| 3 ÍH | 57 | 45 | | 0 | 0 | 458 | 65 | 1250 | 250.000 kr. | 107.314 kr. |
| 4 Kóngarnir | 57 | 45 | 0 | | 0 | 458 | 65 | 1250 | 250.000 kr. | 107.314 kr. |
| 5 Léttir | 57 | 45 | 0 | 0 | | 458 | 65 | 1250 | 250.000 kr. | 107.314 kr. |
| 6 Máni | 401 | 412 | 458 | 458 | 458 | | 411 | 5196 | 1.039.200 kr. | - |
| 7 Stokkseyri | 0 | 27 | 65 | 65 | 65 | 411 | | 1266 | 253.200 kr. | 104.114 kr. |
| | | | | | | | | | Bilar | |
| Jöfnunargjald | | | | | | | | 12506 km | 2.501.200 5 | |
| 357.314 | | | | | | | | 2.501.200 kr. | kr pr km 40 | |

| 4. deild karla B | Afrika | Augnahlik | KH | Mídas | Skallagrimur | Snæfell | Vatnajljur | Samtals | Greiðslur pr. Félag | Gr. nettó pr. Félag | |
|------------------|--------|-----------|-----|-------|--------------|---------|------------|---------|---------------------|---------------------|-------------|
| 1 Afrika | | 0 | 0 | 0 | 74 | 172 | 0 | 492 | 98.400 kr. | 53.371 kr. | |
| 2 Augnahlik | 0 | | 0 | 0 | 74 | 172 | 0 | 492 | 98.400 kr. | 53.371 kr. | |
| 3 KH | 0 | 0 | | 0 | 74 | 172 | 0 | 492 | 98.400 kr. | 53.371 kr. | |
| 4 Mídas | 0 | 0 | 0 | | 74 | 172 | 0 | 492 | 98.400 kr. | 53.371 kr. | |
| 5 Skallagrimur | 74 | 74 | 74 | 74 | | 98 | 74 | 936 | 187.200 kr. | - | 35.429 kr. |
| 6 Snæfell | 172 | 172 | 172 | 172 | 98 | | 172 | 1916 | 383.200 kr. | - | 231.429 kr. |
| 7 Vatnajljur | 0 | 0 | 0 | 0 | 74 | 172 | | 492 | 98.400 kr. | | 53.371 kr. |
| | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | Bilar | | |
| Jöfnunargjald | | | | | | | | 5312 km | 1.062.400 5 | | |
| 151.771 | | | | | | | | | kr pr km 40 | | |

| 4. deild karla C | Hörður í | Ísbjörninn | KFG | skíndi | stál úlfur | þróttur V | Örninn | Samtals | Greiðslur pr. Félag | Gr. nettó pr. Félag | |
|------------------|----------|------------|-----|--------|------------|-----------|--------|----------|---------------------|---------------------|-------------|
| 1 Hörður í | | 455 | 455 | 455 | 455 | 484 | 455 | 5518 | 1.103.600 kr. | - | 768.286 kr. |
| 2 Ísbjörninn | 455 | | 0 | 0 | 0 | 35 | 0 | 980 | 196.000 kr. | | 139.314 kr. |
| 3 KFG | 455 | 0 | | 0 | 0 | 35 | 0 | 980 | 196.000 kr. | | 139.314 kr. |
| 4 Skíndi | 455 | 0 | 0 | | 0 | 35 | 0 | 980 | 196.000 kr. | | 139.314 kr. |
| 5 Stál Úlfur | 455 | 0 | 0 | 0 | | 35 | 0 | 980 | 196.000 kr. | | 139.314 kr. |
| 6 Þróttur V | 484 | 35 | 35 | 35 | 35 | | 35 | 1318 | 263.600 kr. | | 71.714 kr. |
| 7 Örninn | 455 | 0 | 0 | 0 | 0 | 35 | | 980 | 196.000 kr. | | 139.314 kr. |
| | | | | | | | | | Bilar | | |
| Jöfnunargjald | | | | | | | | 11736 km | 2.347.200 5 | | |
| 335.314 | | | | | | | | | kr pr km 40 | | |

| 4. deild karla D | Kormákur/Hvöt | Elliði | Hvítir riddarinn | Kría | SR | KB | Vængir Júpitors | Samtals | Greiðslur pr. Félag | Gr. nettó pr. Félag | |
|--------------------|---------------|--------|------------------|------|-----|-----|-----------------|---------|---------------------|---------------------|-------------|
| 1 Kormákur/Hvöt | | 197 | 197 | 197 | 197 | 197 | 197 | 2364 | 472.800 kr. | - | 337.714 kr. |
| 2 Elliði | 197 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 394 | 78.800 kr. | | 56.286 kr. |
| 3 Hvítir riddarinn | 197 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 394 | 78.800 kr. | | 56.286 kr. |
| 4 Kría | 197 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 394 | 78.800 kr. | | 56.286 kr. |
| 5 SR | 197 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 394 | 78.800 kr. | | 56.286 kr. |
| 6 KB | 197 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 394 | 78.800 kr. | | 56.286 kr. |
| 7 Vængir Júpitors | 197 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 394 | 78.800 kr. | | 56.286 kr. |
| | | | | | | | | | Bilar | | |
| Jöfnunargjald | | | | | | | | 4728 km | 945.600 5 | | |
| 135.086 | | | | | | | | | kr pr km 40 | | |

Starfshópur um jöfnun ferðakostnaðar

Bjarni Ólafur Birkisson
 Borghildur Sigurðardóttir
 Jóhann Torfason
 Jóhannes Ólafsson, formaður
 Kristinn Kjærnested

Ingí Sigurðsson tók til máls tillöggunni til stuðnings.

Gísli Gíslason tók til máls og studdi tillöguna. Gísli nefndi að jöfnun ferðakostnaðar styrki hreyfinguna til að sækja meira fé til ríkisvaldsins. Þetta sé ekki allsherjarlausn en skref í rétta átt.

Viðar Halldórsson tók til máls og studdi tillöguna og tók undir að þetta væri gott fyrsta skref í rétta átt.

Haraldur Haraldsson þakkar fyrir tillöguna en benti á nokkur atriði í henni sem þarfnað frekari skoðunar. Haraldur spurði hvort að íþróttahreyfingin ætti að takast á við byggðamál og hvort að þessi málsmeðferð væri uppgjöf gagnvart ríkisvaldinu og framlagi þess. Haraldur ítrekaði að hann hafi skilning á viðhorfum landsbyggðarinnar en telur að það eigi að sækja fjármagn annað en inná við.

Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og hafði efasemdir um tillöguna. Tók sem dæmi að mörg 4. deildar félög væru innan UMSK og væru með þróungan fjárhag. Það vantaði frekari skýringar á raunkostnaði/jöfnunargjaldinu og hvenær þetta tæki gildi. Ef tillagan tæki gildi á þessu tímabili þá væri það erfitt fyrir félög sem nú þegar eru búin að samþykkja rekstraráætlun fyrir starfsárið. Hann tók undir orð Haraldar og taldi tillöguna vera íþyngjandi. Hann spurði hvað yrði gert varðandi bikarkeppnina.

Jóhannes Ólafsson tók til máls og svaraði spurningu Valdimars varðandi jöfnunargjaldið. Gert væri ráð fyrir að tillagan tæki gildi næsta keppnistímabil. Jóhannes ítrekaði að þetta væri mikið jafnréttismál fyrir hreyfinguna.

Geir Þorsteinsson tók til máls og taldi tillöguna vera mikið sanngirnismál. Framlag landsbyggðarfélaga í mónum á vegum KSÍ væri meira en annarra félaga hvað varðar ferðakostnað. Þátttaka þeirra kallar á meiri vinnu fyrir félögin. Hann ræddi að það væri sparnaður fyrir sveitarfélögin að félögin og KSÍ sjá um knattspyrnuvellina og ítrekaði að það væri Reykjavíkurborg sem ætti Laugardalsvöll. Geir hvatti þingheim til að samþykkja tillöguna og nefndi mögulega aðkomu KSÍ.

Þórður Einarsson tók til máls og mælti gegn tillöggunni. Hann nefndi að það væri erfitt fyrir lítið félag í Reykjavík að reka sig og að félögin eiga nóg með sitt. Þess fyrir utan væru gallar í tillöggunni, til dæmis mismunandi kostnaður á milli riðla, dráttur í riðla væri líka orðinn fjárhagslegt happadrætti. Ætti þá frekar að vera sama gjald fyrir alla. Þórður telur að hreyfingin eigi að sækja fé til ríkisins varðandi ferðakostnað.

Almar Guðmundsson tók til máls og ræddi um mögulega aðkomu KSÍ og minnti að það væri búið að samþykkja fjárhagsáætlun sambandsins. Almar tók undir sjónarmið Haraldar, niðurstæða málsins sendi skilaboð til ríkisins, ef hreyfingin sjálf byrjaði að borga þá komi ekkert frá ríkinu.

Jóhannes Ólafsson tók til máls og svaraði Þórði.

Baldur Már Bragason tók til máls og taldi tillöguna vera skref í rétta átt. Baldur taldi skynsamlegra að hafa gjaldið jafnt, ekki eftir riðlum að minnsta kosti eftir deildum. Minnti að kostnaður væri minnstur í efstu deild. Baldur sagðist styðja tillöguna en það væri betra að dreifa kostnaðinum jafnt.

Stefán Guðmundsson tók til máls og hvatti þingheim til að horfa jákvætt á tillöguna. Það væri hreyfingarinnar að hvetja þingmenn til að bæta í ferðasjóð ÍSÍ og það væru hagsmunir allar hreyfingarinnar. Stefán nefndi að það væri búið að vera að vinna að þessu máli lengi og kominn tími að klára það.

Viðar Halldórsson tók til máls og sagði að tillagan væri ekki gallalaus og það væri sjálfsagt að skoða breytingarnar með meira jafnræði í huga. Ítrekaði að hann væri fylgjandi tillöggunni eins og hún er.

Geir Þorsteinsson tók til máls og sagði að KSÍ myndi fylgja fjárhagsáætlun. Sjálfsagt að fínpússa tillöguna og laga en það þurfi að fá samþykki hreyfingarinnar til að fara í þessa átt. Ef tillagan verður samþykkt þá þarf finna fjármagn til að framkvæma hana.

Gylfi Þór Orrason tók til máls og mælti gegn tillögunni eins og hún væri fram sett. Hann taldi koma til greina að jafna kostnað milli allra og það ætti að breyta tillögunni í þá átt.

Haraldur Haraldsson tók til máls og taldi vera 12 milljóna króna kostnað við þessa tillögu. Kostnaður væri þá gróflega reiknaður 120 þ. krónur á félag ef kostnaður væri jafnaður á allra. Það væri mild og góð leið sem hann myndi styðja.

Viðar Halldórsson tók til máls og taldi að útreikningar Haraldar stæðust ekki. Hann gerði athugasemdir við orð varaformanns KSÍ, Gylfa Þórs Orrasonar.

Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og vildi að gildistaka tillögunnar yrði 1.1.2016, hver sem upphæðin verður. Ekki boðlegt að bæta við kostnaði með stuttum fyrirvara á félögin.

Gylfi Þór Orrason tók til máls og svaraði Viðari. Stjórn hefði verið falið að leggja fram tillögu en hann áskildi sér rétt til að hafa eigin skoðanir.

Lögð var fram breytingatillaga um gildistöku tillögunar í 1.1.2016 frá Valdimar Leó Friðrikssyni. Breytingatillagan var felld.

Tillaga á þingskjali 9 var tekin óbreytt til atkvæða. Tillagan var samþykkt með 57 atkvæðum gegn 49.

Þingskjal 10

Framsögu hafði Geir Þorsteinsson.

**Ályktunartillaga um breytingu
á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál
– Aðskilnaður spjalta í deild og bikar –**

Tillaga:

Ársþing KSÍ 2015 samþykkir að skilja á milli áminninga/brottvísana í Íslandsmóti og bikarkeppni KSÍ eins og hér greinir:

13.1. Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili í skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:

- a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)
 - 4 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
 - 6 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti *(er núna 7)*
 - 8 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti *(er núna 10)*
 - Önnur hver áminning eftir það - bann í 1 leik í Íslandsmóti *(er núna þriðja hver)*
- b) Í bikarkeppni KSÍ
 - 2 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
 - 4 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
 - Önnur hver áminning eftir það - bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ

Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í undankeppni telja ekki í aðalkeppni en úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna þeirra gilda í keppninni. Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í aðalkeppni telja ekki að loknum

8 liða úrslitum en úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp leikbönn vegna þeirra gilda í keppninni.

13.1.2. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli einu sinni eða oftar á sama keppnistímabili, skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum sem hér segir:

- a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)
 - brottvísun – sjálfkrafa bann í 1 leik í Íslandsmóti (eða Meistarakeppni KSÍ ef við á)
 - 2. brottvísun – sjálfkrafa bann í 2 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
 - 3. brottvísun – sjálfkrafa bann í 3 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
 - 4. brottvísun – sjálfkrafa bann í 4 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
 - o.s.frv.
- b) Í bikarkeppni KSÍ
 - brottvísun –sjálfkrafa bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
 - 2. brottvísun –sjálfkrafa bann í 2 leiki í bikarkeppni KSÍ
 - 3. brottvísun –sjálfkrafa bann í 3 leiki í bikarkeppni KSÍ
 - o.s.frv.

13.1.3. Sé leikmanni vísað af leikvelli eftir að hann hefur hlotið áminningu, skal hann eingöngu hljóta refsingu í samræmi við brottvísunina, þ.e. áminningin fellur niður.

13.1.4. Sé leikmanni vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óíþróttamannslega framkomu, skal refsa honum með leikbanni allt að 6 leikjum.

13.1.5. Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að setja leikmann í tímabundið keppnisbann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

13.2. Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum í Íslandsmóti og meistarakeppni KSÍ annars végar og hins végar í bikarkeppni KSÍ nema annað sé tekið fram. Viðurlög við brotum í innanhússknattspyrnu skal fara með skv. grein 13.10. og viðurlög varðandi keppni í 7 manna liðum skal fara með skv. grein 13.11.

13.3. Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flyttjist leikmaður á milli aldursflokkum um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.

Greinargerð:

Síðastliðið sumar hafði fjöldi áminninga leikmanna í mfl. karla mikil áhrif á liðskipan í leikjum í deildarkeppninni þegar kom að undanúrslitum í bikarkeppninni (og öfugt). Slíkt hefur gerst áður og ávallt verið óheppilegt. Stjórn KSÍ leggur því til breytingu á agaviðurlögum í Íslandsmóti, bikarkeppni KSÍ og Meistarakeppni KSÍ. Áminningar og brottvísanir verði meðhöndlaðar sérstaklega í Íslandsmóti annars végar og hins végar í bikarkeppni KSÍ. Meistarakeppni KSÍ telji með Íslandsmóti.

Nú telja þessi móti saman en með þessari breytingu yrði svo ekki meir. Gert er ráð fyrir að í Íslandsmóti (+ Meistarakeppni KSÍ) fái leikmaður 1 leiks bann í Íslandsmóti eftir 4 áminningar í Íslandsmóti (+Meistarakeppni KSÍ) og 1 leiks bann í Íslandsmóti eftir hverjar 2 áminningar í Íslandsmóti eftir það. Gert er ráð fyrir að leikmaður sem vikið er af leikvelli í Íslandsmóti (eða Meistarakeppni) fái leikbann í Íslandsmóti (eða Meistarakeppni ef við á).

Gert er ráð fyrir að leikmaður sem vikið er af leikvelli í bikarkeppni KSÍ fái leikbann í bikarkeppni KSÍ. Þá er gert ráð fyrir því að allir sitji við saman borð þegar aðalkeppni bikarkeppni KSÍ hefst í meistaraflokk og áminningar í undankeppni telji ekki í aðalkeppni en þó fellur ekki leikbann niður sem leikmaður hefur unnið til. Á sama hátt hætta áminningar að telja að loknum 8 liða úrslitum (en ekki leikbann) sem þýðir að þó að leikmaður fái áminningu í undanúrslitum kemur það ekki í veg fyrir þátttöku hans í úrslitaleik.

Til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2015 verði ákvæði um óúttekin leikbönn. Þau skulu tekin út í fyrstu leikjum keppnistímabilsins óháð ofangreindum breytingum, þ.e. eins og verið hefur í fyrstu leikjum eins og þeir raðast af hálfu mótanefndar KSÍ, gildir einu hvort um leiki í meistarakeppni, Íslandsmóti eða bikarkeppni verður að ræða.

Stjórn KSÍ

Viðar Halldórsson tók til máls. Hann var sammála tillögunni varðandi bikarkeppni en lagði fram breytingartillögu á grein 13.1.1. um að hafa óbreyttan fjölda gulra spjalda sem leiða til leikbanns, 4-7-10 og þriðja hver áminning eftir það.

Breytingatillaga Viðars Halldórssonar var tekin til afgreiðslu og var samþykkt.

Tillaga á þingskjali 10 með áorðnum breytingum var samþykkt.

Þingskjal 11

Framsögu hafði Viðar Halldórsson.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerðum KSÍ um aga- og úrskurðarmál og áfrýjunardómstóli KSÍ

Tillaga:

Lagt er til við ársþing KSÍ að stjórn sambandsins verði falið að breyta reglugerð um aga- og úrskurðarmál í þá veru að þeir sem kærðir eru til aga- og úrskurðarnefndar hafi tök á, kjósi þeir að gera það, að taka til varna fyrir nefndinni og krefjast þess að mál verði munnlega flutt (aðilum gefist þá kostur á að gefa skýrslu fyrir nefndinni og leiða vitni) þegar ljóst er að viðurlög við brotum þeirra verða meiri en tveggja leikja banni og þegar ætla má að sekt muni verða dæmd.

Jafnframt er lagt fyrir stjórn að breyta nefndri reglugerð í þá veru að aga- og úrskurðarnefnd verð gert skylt að kveða upp skriflega og rökstudda úrskurði í málum þar sem refsing er meiri en tveggja leikja bann og þegar sekt er dæmd.

Enn er lagt til að ákvæðum reglugerðar um aga- og úrskurðarmál verði breytt þannig að nefndinni verði skylt í kærumálum að fallast á kröfu kærða um munnlegan málflutning.

Til samræmis við þetta er lagt til að samsvarandi breyting verði gerð á reglugerð um áfrýjunardómstóli KSÍ þannig að þar verði mönnum að sama skapi gefinn kostur á að fá mál sín flutt munnlega fyrir dóminum.

Greinargerð:

Samkvæmt nágildandi reglum er afar erfitt fyrir þá sem kærðir eru til aga- og úrskurðarnendar að taka til varna þar einkum í agamálum. Af úrskurðum nefndarinnar má ráða að nefndin leggur í ákvörðunum sínum alfarið til grundvallar og byggir niðurstöður sínar á skýrslum dómara og eftirlitsmanna. Slíkar skýrslur geta verið ónákvæmar og gjarnan almennt orðaðar og því kemur fyrir að þörf er á að gefa þeim sem kærðir eru kost á að leiða fyrir nefndina vitni þannig að unnt sé að leiða hið rétta í ljós. Einfalt og skýrt dæmi má nefna í þessu sambandi. Í máli nr. 3/2014 hjá áfrýjunardómstóli KSÍ hártaði svo til að leikmaður hafði verið úrskurðaður í fimm leikja bann og félag hans sektað um 100.000 krónur. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að hæfileg refsing væri eins leiks bann (rautt spjald) en félag hans var sýknað. Dómari leiksins sem atvikið kom upp í hafði ritað í skýrslu sína hvað leikmaðurinn sagði sem aga- og úrskurðarnefndin hafði metið sem kynþáttaníð en dómstóllinn taldi svo ekki vera. Hefði dómarinn ekki ritað í skýrslu sína það sem leikmaðurinn sagði en þess í stað sagt að hann hafi verið með kynþáttaníð má allt eins gera ráð fyrir að dómstóllinn hefði staðfest niðurstöðu nefndarinnar.

Samkvæmt grein 6.4 getur nefndin orðið við kröfu aðila að um meðferð agamála fari eftir reglum um kærumál þegar og ef mál eru alvarlegs eðlis og geta varðað þyngstu viðurlög. Hér er því nefndinni eingöngu heimilt að láta mál fara eftir reglum um kærumál en verði tillaga þessi samþykkt verður nefndinni það skylt, komi slík krafa fram hjá kærða.

Eins og allir vita eru í dag eru miklir hagsmunir í húfi hjá félögum og leikmönnum. Er því afar mikilvægt að þeim gefist kostur á að fá að koma sjónarmiðum sínum að í aga- og kærumálum. Líkt og áður er getið geta skýrslur dómara og eftirlitsmanna verið ónákvæmar og jafnvel rangar. Með tillögu þessari er ætlunin að gefa þeim sem kærðir eru kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og leiðréttu það sem þeir telja rangt í skýrslum dómara og eftirlitsmanna, en niðurstöður aga- og úrskurðarnefndar svo og áfrýjunardómstóls KSÍ eru að jafnaði eingöngu byggðar á slíkum skýrslum. Nýjasta dæmið um slík er afgreiðsla nefndarinnar og dómstólsins á tveimur málum sem FH höfðaði fyrir áfrýjunardómstólnum í þeim tilgangi að fá niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndarinnar hnekkt. Dómstóllinn féllst ekki á kröfu um að málin yrðu munnlega flutt þar heldur vísaði til skýrslu dómara og eftirlitsmanns og lagði þær til grundvallar niðurstöðu sinni. Hvað stóð í vegin fyrir því

að fallast á kröfu um að málið yrði munnlega flutt? Það er ekki þar með sagt að niðurstaðan hefði orðið önnur en hún hefði þá um leið stuðst við betri og réttari gögn.

Rétt er að hafa í huga að breyting sem þessi á reglugerð um aga- og úrskurðarmál mun ekki leiða til þess að fjöldi mála muni verða rekin fyrir nefndinni á hverju ári með þessum hætti. Ef tekið er mið af málum sem nefndin hefur afgreitt á undanförnum árum má ætla að munnlega flutt verði örfá á ári hverju. Að sama skapi bendir ekkert til þess að munnlega flutt mál fyrir áfrýjunardómstóli KSÍ verði fleiri en eitt í mesta lagi tvö á ári ef horft er til mála sem þar hafa verið rekin á undanförnum árum.

Tillaga um að aga- og úrskurðarnefnd verði gert skylt að kveða upp rökstudda úrskurði þegar refsing er ákvörðuð meiri en tveggja leikja bann eða fésekt dæmd er gerð í þeim tilgangi að unnt sé að lesa úr niðurstöðum nefndarinnar hvernig nefndin kemst að niðurstöðu sinni. Þá er augljóst af núgildandi reglugerð að miðað er við að nefndin kveði upp úrskurði. Áfrýjunardómstóll KSÍ komst í dómi sínum í máli nr. 6/2014 að þeirri niðurstöðu að ákvarðanir, samþykktir og niðurstöður nefndarinnar í einstaka aga- og kærumálum séu í eðli sínu úrskurðir. Að þessari niðurstöðu dómkóðins fenginni er afar brýnt að reglugerð um aga- og úrskurðarmál kveði á um það með skýrum hætti að nefndinni sé skylt að kveða upp rökstudda úrskurði í málum þegar refsing er meiri en tveir leikir en ekki þykja efni til að leggja til að slíkir úrskurði séu kveðnir upp í einfaldari málum. Ekki er ástæða til að ætla, að teknu tilliti til mála fyrri ára, að slíkir úrskurði verði margir á ári hverju.

FH
Fjölnir
Fylkir
ÍBV
Víkingur

Gísli Gíslason tók til máls og skýrði frá því að hann væri formaður laga- og leikreglnanefndar KSÍ. Reglugerðir KSÍ væri ekki óska lesefni en eftir skoðun sína taldi hann vera margt sem þarfnað endurskoðunar í heild, til dæmis víðtækari málskotsreglur. Gísli taldi vænlegra að vísa tillöggunni til stjórnar og málið yrði skoðað í heild.

Þórir Hákonarson tók til máls. Hann sagði að umhverfi knattspyrnuhreyfingarinnar væri ekki það sama og umhverfi almennra dómkóðins og það þurfti að hugsa um til dæmis tímaramma. Munnlegur málflutningur gæti hugsanlega til dæmis tafið úrskurði/hvenær leikmenn taka út leikbönn. Þetta þarf að skoða betur en grunnhugmyndin er góðra gjalda verð. Þórir sagði að af nágrannalöndum okkar þá væri það einungis Noregur sem heimilar munnlegan málflutning en það væri gegn ákveðnum skilyrðum. Í dag hafa íslensk félög ákveðinn rétt og sú leið er farin annars staðar á Norðurlöndum (nema í Noregi). Einnig væri hægt að skoða möguleika á þriðju leiðinni sem væri að aganefndin sjálf ákveði hvenær kallað er munnlegs málflutnings með tilliti til alvarleika máls. Þórir lauk máli sínu á að leggja til að tillöggunni verði vísað til stjórnar KSÍ til frekari umfjöllunar.

Viðar Halldórsson tók til máls og ítrekaði að þetta væri ályktunartillaga til stjórnar.

Stjórn KSÍ lagði fram svohljóðandi breytingatillögu:

Lagt er til að tillaga á þingskjali 11 verði vísað til stjórnar KSÍ til frekari skoðunar og úrlausnar.

Samþykkt var að vísa tillöggunni á þingskjali 11 til stjórnar til frekari umfjöllunar.

Þingskjal 12

Framsögu hafði Gíslason.

**Ályktunartillaga –
starfshópur um uppalda leikmenn
– Nýtt ákvæði um heima-alda leikmenn –**

Tillaga:

Ársþing KSÍ 2015 samþykkir að taka upp sambærilegt ákvæði og gilda í Danmörku, þ.e. að heimaaldir leikmenn í 25 manna leikmannahópi skuli vera 8. Þar af skulu fjórir vera uppaldir innan félagsins og fjórir uppaldir innan félags sem er aðili að KSÍ.

Lagt er til að reglur þessar verði færðar inn í leyfiskerfi KSÍ fyrir efstu og 1. deild karla og að þær gildi fyrst fyrir keppnistímabilið 2017.

Greinargerð:

Á ársþingi KSÍ á Akureyri 15. febrúar 2014 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Ársþing KSÍ, haldið á Akureyri 15. febrúar 2014, samþykkir að stofna 5 manna starfshópur um uppalda leikmenn og skal stjórn KSÍ skipa í hópinn. Starfshópurinn skal skoða þátttöku leikmanna í meistaraflokk m. t. t. skilgreiningar UEFA um uppalda leikmenn. Starfshópurinn skal einnig skoða reglur knattspyrnusambanda á Norðurlöndum um þátttöku uppalinna leikmanna í mónum á þeirra vegum og meta hvort rétt sé að setja slíkar reglur í mónum meistaraflokks í mónum á vegum KSÍ. Niðurstöðu skal skila til stjórnar KSÍ fyrir 1. september 2014 og þær lagðar fram á ársþingi 2015. Íslensk félagslið sem taka þátt í Evrópukeppni félagsliða þurfa að uppfylla reglur UEFA um uppalda leikmenn. Knattspyrnusamböndin á Norðurlöndum hafa flest sett slíkar reglur og mörg knattspyrnusambönd í Evrópu. Stjórn KSÍ telur rétt að fara yfir áhrif þessara reglna og hvort rétt sé eða nauðsynlegt að setja slíkar reglur í mónum á vegum KSÍ.“

Stjórn KSÍ skipaði þann 13.3. s.l. eftirfarandi fulltrúa í starfshópinn: Gíslason formaður, Almar Guðmundsson, Börkur Edvardsson, Jónas Gestur Jónasson og Róbert Agnarsson. Með starfshópnum starfaði Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ.

Starfshópurinn hittist í tvígang og skiptist á skoðunum um hvort efni stæðu til þess að setja ákvæði í reglur KSÍ um heimaalda leikmenn. M.a. voru rök með og á móti þessi:

- Ákvæðin gætu styrkt uppeldismarkmið félaga.
- Ákvæðin gætu virkað sem varnagli gegn félögum sem eingöngu vilja byggja á aðfengnum leikmönnum.
- Ákvæðin gilda nú þegar gagnvart liðum sem taka þátt í Evrópukeppnum og gætu þess vegna gilt einnig um öll félög sem undirgangast leyfiskerfi KSÍ.
- Ákvæðin gætu orðið takmarkandi gagnvart félögum sem þurfa að uppfylla leyfiskilyrði en ætla eða þurfa að treysta á að fá leikmenn annars staðar frá.
- Reglurnar gætu orðið takmarkandi fyrir félög sem þurfa að uppfylla leyfiskerfi en vegna fámennis eða erfiðra aðstæðna vaðandi uppeldisstarf átt erfitt með að manna lið.
- Aðstæður í deildarkeppni á Íslandi eru ólíkar því sem gerist hjá stærri þjóðum vegna færri liða og fámennis. Þess vegna óþarfi að setja reglur sem þessar.

Valkostir við ákvörðun um efnið voru þessir:

- Að taka ekki upp ákvæði um fjölda heimaalinna leikmanna.
- Að taka nú þegar upp ákvæði um heimaalda leikmenn með sama hætti og er í Danmörku.
- Að taka upp sömu ákvæði og í Danmörku en miða gildistöku reglnanna við árið 2016 eða 2017.

Ákvæði til skoðunar í leyfiskerfi KSÍ:

Verði ákveðið að taka upp sambærilegar reglur og á Norðurlöndum varðandi heimaalda leikmenn þá er rétt að hafa í huga eftirfarandi ákvæði leyfisreglugerðar KSÍ:

- a. Nauðsynlegt er að setja í 3. grein leyfisreglugerðar skilgreiningu á hugtökunum "heimaalinn leikmaður", "Félagsalinn leikmaður" og "Sambandsalinn leikmaður".
- b. Grein 20 í leyfisreglugerð fjallar um skráningu leikmanna og þar segir að allir leikmenn í efstu deild karla skuli vera með skriflegan leikmannssamning (KSÍ samning).
- c. Gera þarf ráð fyrir að félag sem fellur undir leyfiskerfi KSÍ skili inn með leyfisgögnum "leikmannalista A" með að hámarki 25 leikmönnum, þar sem 8 leikmenn eru "heimalningar" (Home grown players). Af þeim þurfa 4 að vera uppaldir af féluginu og fjórir leikmenn uppaldir hjá félögum innan KSÍ. Að auki gæti félag skilað inn "Leikmannalista B" með ótakmörkuðum fjölda leikmanna. Leikmannalista A og B má ekki breyta nema í "glugga" sem heimilar félagaskipti.
- d. Uppfylli lið ekki ákvæði um heimaalda leikmenn þá skal fækka leikmönnum á leikmannalista félagsins sem nemur fjölda þeirra heimaalinna leikmanna sem vantar upp á skilgreindan fjölda.
- e. Hugsanlegur kostnaður af upptöku ákvæðis um heimaalda leikmenn felst fyrst og fremst í skráningu leikmannanna og tryggingakostnaði. Ætla má að þessi kostnaður sé óverulegur.

Starfshópur um uppalta leikmenn

Almar Guðmundsson
 Börkur Edvardsson
 Gísli Gíslason, formaður
 Jónas Gestur Jónasson
 Róbært Agnarsson

Björn Ívar Björnsson tók til mál og sagði að félag eins og KV geti ekki uppfyllt reglugerð sem þessa, sama á við um til dæmis Kára og Berserki. Björn leggur til að félög sem þessi geti talið leikmenn frá tengslafélögum sínum sem uppalta leikmenn og tók dæmi um framkvæmd í Hollandi.

Hjalti Kristjánsson tók til mál og samsinnti Birni Ívari. Sama á við um KFS. KFS og ÍBV eru með samstarf í 2. fl., sem flækir málin nokkuð og þetta þarf allt að vera skýrt. Hjalti telur þetta vera óskýrt í tillögunni.

Pórir Hákonarson tók til mál og sagði að engin skilgreining væri til í reglugerðum sambandsins um vensla- eða tengslalið. Það þurfi þá að byrja á því að skilgreina hvað tengslalið er. Pórir svaraði Hjalta varðandi, 2. flokk, það væri skilgreining í leyfiskerfinu hvað yngri flokka starf er.

Björn Ívar Björnsson, KV lagði fram eftirfarandi breytingartillögu:

Lagt er til að í ályktunartillögu starfshóps um uppalta leikmenn kveði á um að félagsaldir leikmenn geti verið leikmenn sem koma frá skilgreindu venslafélagi sem stjórn KSÍ samþykkir.

Tillaga á þingskjali 12 með áorðnum breytingum var samþykkt.

Þingskjal 13

Framsögu hafði Þórir Hákonarson.

**Ályktunartillaga –
frumvarp á Alþingi er varðar virðisaukaskatt á íþróttafélög**

Tillaga:

Ársþing KSÍ 2015 skorar á Alþingi að veita lagafrumvarpi í þingskjali 608 – 411. mál á 144. löggjafarþingi brautargengi sem veitir íþróttafélögum frekari undanþágur frá virðisaukaskatti vegna fjárlunar til starfsemi þeirra og heimilar tímabundna endurgreiðslu á virðisaukaskatti til íþróttafélaga vegna byggingarframkvæmda þeirra.

Greinargerð:

Vart þarf að fjölyrða um þjóðhagslegt mikilvægi íþróttahreyfingarinnar. Fjölmargar rannsóknir staðfesta forvarnargildi íþrótta og þátttaka barna og unglings í skipulögðu íþróttastarfi dregur úr líkum á hvers konar frávikshegðun. Ungmenni sem ekki taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi eru líklegrir t.d. til að nota vímuefnir en þau sem eru virkir þátttakendur í slíku starfi. Þá hafa rannsóknir jafnframt sýnt fram á að þátttaka í íþróttum hefur m.a. jákvæð áhrif á námsrárangur, sjálfsmýnd, sjálfsvirðingu, líkamsmýnd, heilsu og almenna líðan. Þannig má leiða líkur að því að skipulagt starf íþróttafélaga og sá félagslegi sess sem þau skipa í hverju samfélagi leiði til þjóðfélagslegs heilsuábata, eins og minna álags á heilbrigðiskerfið þar sem rannsóknir hafa sýnt að aukin hreyfing dregur úr tilfellum alvarlegra sjúkdóma. Þá hefur verið sýnt fram á jákvæð áhrif á skólastarf og vinnumarkað í formi færri tapaðra vinnustunda, færri veikindadaga og aukinnar framleiðni.

Þá má nefna framgöngu afreksfólksins okkar og þá landkynningu sem bað færir okkur til framgangs viðskipta og ferðapjónustu, svo að ekki sé minnst á styrkingu sjálfsmýndar þjóðarinnar og aukið þjóðarstolt á okkar bestu stundum.

Það er því mikilvægt að skoða efnahagslegt mikilvægi íþrótta og áhrif skipulagðs íþróttastarfs á vegum íþróttahreyfingarinnar í víðu samhengi. Hlutverk ríkisins hlýtur því að vera að tryggja sem besta umgjörð og aðbúnað fyrir almennings- og afreksíþróttir þjóðinni til heilla.

Frumvarpið er í fullu samræmi við og styður markmið stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar en þar segir m.a.: „Ríkisstjórnin leggur áherslu á mikilvægi íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsmála og samþættingu leiks og náms eftir því sem kostur er. Stuðla ber að því að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hvort sem um ræðir íþróttir, listnám, listsköpun eða félagsstarf. Slíkt starf þroskar einstaklinginn og hefur mikið forvarnargildi.“

Stjórn KSÍ

Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og fagnaði tillögunni. Komið í gegnum fyrstu umræðu á Alþingi og komið til Efnahags-og viðskiptanefndar. Gæti verið svæft í nefnd. Til að reyna að halda málinu opnu þurfum við að leggjast á árina og halda málinu gangandi. Reiknar með að stjórn KSÍ geri það. Okkar hlutverk að hafa áhrif á nefndina.

Tillaga á þingskjali 13 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 14

Framsögu hafði Örn Gunnarsson.

Niðurstöður starfshóps um félagaskipti og samninga**Greinargerð:**

Í framhaldi af 68. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands þann 15. febrúar voru þeir Örn Gunnarsson, íA, formaður, Ásgeir Ásgeirsson, Fylki, Eysteinn P Lárusson, Breiðablik og Kjartan Páll Þórarinsson, Völsungi skipaðir í vinnuhóp undir nafninu – Félagaskipti og samningar.

Í tillögunni á ársþingi KSÍ var lagt til að skipaður verði sérstakur vinnuhópur með það að markmiði að endurskoða reglugerð KSÍ um félagsskipti, samninga, stöðu leikmanna og félaga.

Nokkur álitamál eru til staðar í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga í núverandi mynd og því telja þau félög sem þetta setja fram að nauðsynlegt sé að opna fyrir umræðu og vinna í umbótum á því regluverki sem gildir um félagaskipti leikmanna.

Sérstök athygli er vakin á ákvæði 20.2 greinar um hlutdeild núverandi og fyrrum félaga í félagskiptagjaldi vegna félagskipta til erlendra liða. Færa má rök fyrir því að núverandi kerfi sé bjagað á þann máta að það sé ekki nægjanlega hliðholtt núverandi félagi og uppeldisfélagi í þeim tilvikum þar sem það félag sem leikmaður spilaði hjá áður en hann var hjá núverandi félagi er ekki uppeldisfélag leikmannsins. Til hliðsjónar bendum við á aðrar útfærslur, eins og t.d. reikniformúluna á bak við uppeldisbæturnar og það kerfi sem írska knattspyrnusambandið hefur komið upp fyrir félagsskipti innanlands.

Vinnuhópurinn hittist tvívar auk þess sem að samskipti voru í gegnum tölvupóst o.b.h. Á starfstímanum fól vinnuhópurinn framkvæmdastjóra KSÍ í tvígang að senda út fyrirspurnir á aðildarfélögin um hvaða breytingar þau vildi sjá á reglugerðinni, en lítil viðbrögð bárust í þeim eftir. Þá óskuðu forsvarsmenn tveggja félaga eftir fundi með meðlimum vinnuhópsins og átti einn slíkur fundur sér stað með tveimur meðlimum vinnuhópsins.

Niðurstöður vinnuhópsins liggja í drögum að breytingum á reglugerð um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, nánar tiltekið á 18. og 20. gr. reglugerðarinnar. Lagt er til að stjórni KSÍ skoði niðurstöður starfshópsins frekar að innleiða megi breytingar á reglugerðinni 1. janúar 2016.

Í 18. gr. er lagt til að núverandi stuðlakerfi sé lagt niður, en að í stað þess komi félagskiptagjald/skilyrtar uppeldisbætur sem koma til greiðslu þegar að leikmaður gerir samning við annað félag, en leikmaðurinn er alin upp hjá. Fjárhæð endurgjalds fer eftir því hvort að um leikmannasamning eða sambandssamning er að ræða. Gjaldskylda fellur niður frá og með því almanaksári sem leikmaðurinn verður 24 ára.

Í 20 gr. er lagt til að greiðslur vegna félagaskipta til erlends liðs skiptist á milli þeirra félaga sem að leikmaðurinn hefur leikið með frá 12 til 23 ára aldurs, skv. nánar tilteknum ákvæðum þar um. Byggir reglan á því að þar sem greiðslur fyrir félagskipti innanlands séu að jafnaði lágar í alþjóðlegu samhengi, sé eðlilegt og sanngjarnit í þeim tilvikum er félagskiptagjald erlendis frá kemur til greiðslu að þau félög sem stuðlað hafa að uppeldi leikmanna njóti hlutdeilda í þeim greiðslum. Í greininni er ennfremlur áréttar að við „kaup“ á leikmönnum innanlands þurfi að geta um í samningi hvaða réttindi yfir leikmanninum er verið að greiða fyrir, en félögum er frjálst að semja um sölu á réttindum til félagskiptagjalds/uppeldisbóta við félagaskipti leikmanna.

Drög að reglugerðarbreytingum:

18. gr.**Félagskiptagjald**

18.1. Leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, getur ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum. Eftir að samningur rennur út skulu félagaskiptin hlíta ákvæðum þessarar greinar. Sömu ákvæði gilda í þessari grein um leikmannssamninga og sambandssamninga.

18.2.1 Geri leikmaður samning við félag í fyrsta sinn, á því almanaksári sem leikmaðurinn verður 23 ára eða fyrr þá skal það félag greiða gjald til þeirra félaga er leikmaðurinn hefur leikið með frá og með því almanaksári er leikmaðurinn var 12 ára til og með því almanaksári er leikmaðurinn verður 23 ára. Gjaldið skal nema 200.000 kr. Þegar um leikmannasamning er að ræða og 100.000 kr. Þegar um sambandssamning er að ræða og skiptist á milli félaganna í hlutfalli við þau keppnistímabil er leikmaðurinn hefur leikið með viðkomandi félögum.

18.2.2. Ef leikmaður, sem hefur verið samningsbundinn, en þeim samningi er lokið, gerir samning við nýtt félag á því almanaksári sem að leikmaðurinn verður 23 ára eða fyrr, skal það greiða fyrra féluginu, sem hann var samningsbundinn við, félagaskiptagjald fyrir, í samræmi við ákvæði 18.2.1.

18.3. Félag skal standa skil á félagaskiptagjöldum áður en félagaskipti taka gildi. Ef slík krafa myndast ekki fyrr en síðar, skal viðkomandi félag standa skil á félagaskiptagjöldum innan eins mánaðar frá því að krafan myndast. Skal miðað við dagsetningu undirritunar samnings. Félagi, sem verður uppvist að því að brjóta þessar reglur til að komast hjá greiðslum, skal skylt að greiða áfallnar greiðslur með hæstu dráttarvöxtum frá þeim tíma sem greiðslan átti að gjaldfalla og KSÍ sömu upphæð í sekt.

18.4. Þegar leikmaður skiptir um félag milli félaga innanlands, skal skrásetningargjald fylgja tilkynningu um félagaskipti til skrifstofu KSÍ. Sama gjald greiðist við félagaskipti til landsins.

Sérákvæði fyrir leikmenn sem eru samningsleikmenn

20.1 Ef leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, hyggst ganga til samninga um að leika með erlendu félagi skulu þeir samningar fara fram í samráði við samningsfélagið. Samningaviðræður vegna félagaskipta til erlendra félaga skulu taka mið af eftirfarandi vinnureglum:

20.1.1 Leikmaður semur sjálfur um eigin launagreiðslur.

20.1.2. Stjórn félagsins semur um félagaskiptabætur (uppeldisbætur) við erlenda félagið.

20.1.3. Leikmaður getur samið sérstaklega við stjórn félagsins um hlutdeild í félagaskiptagjaldinu. Sú hlutdeild getur þó ekki orðið hærri en 10% af félagaskiptagjaldinu.

20.1.4. Samstöðubætur sem koma til við félagaskipti leikmanns til erlends félags skulu greiðast til uppeldsfélaga samkvæmt reglum FIFA, en uppeldisbætur samkvæmt reglum FIFA skiptast eftir ákvæðum reglugerðar þessarar. Skal í þeim efnum litið svo á að í greiðslum skv. ákvæðum 18.2.1. til 18.2.3 felist skilyrtar uppeldisbætur með þeim hætti að félagið sem innt hefur af hendi greiðslu hefur aðeins að hluta greitt fyrir uppeldi leikmannsins, en að félagið sem tekur við greiðslu eigi enn hlutdeild í greiðslu félagaskiptagjalds eða uppeldisbóta eftir atvikum nema að um annað hafi verið samið. Félagið sem leikmaðurinn er samningsbundinn við eða var síðast samningsbundinn við fer með samningagerð fyrir hönd allra félaga sem rétt geta átt á greiðslum fyrir leikmanninn skv. reglugerð þessari og ber ábyrgð á að upplýsa önnur félag er rétt til hlutdeilda í félagaskiptagjaldi eða uppeldisbótum kunna að eiga um efni samnings og skipta greiðslum á milli félaga.

20.2. Eigi félagaskiptin sér stað á því almanaksári sem að leikmaðurinn verður 23 ára gamall eða fyrr og hafi leikmaður leikið fyrir annað félag/önnur félög á Íslandi frá og með því almanaksári sem að leikmaðurinn var 12 ára gamall skal það/þau eiga hlutdeild í félagaskiptagjaldinu (á við allar greiðslur og uppeldis- og samstöðubætur) sem hér segir:

20.2.1. Félagið, sem leikmaðurinn er samningsbundinn við, skal fá endurgreiddan útlagðan kostnað vegna félagaskipta innanlands, og fjórðung fjárhæðarinnar sem þá stendur eftir.

20.2.2. Afgangurinn skal skiptast milli þeirra félaga sem leikmaður lék með frá og með því almanaksári sem leikmaðurinn var 12 ára í réttu hlutfalli við dvöl hans hjá hverju þeirra innan tímamarka keppnistímabils, sbr. ofan, samkvæmt því sem greinir hér að neðan.

- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 12 ára: 5%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 13 ára: 5%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 14 ára: 5%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 15 ára: 5%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 16 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 17 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 18 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 19 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 20 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 21 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 22 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 23 ára: 10%

20.2.3. Hafi félagið sem leikmaðurinn er samningsbundinn við, greitt öðru félagi sem leikmaðurinn lék með áður en að hann gekk til liðs við félagið sem að hann er samningsbundinn við, vegna félagaskipta og sú greiðsla hefur verið umfram það sem greiða ber samkvæmt 18. gr. reglugerðar þessarar, skal þess getið í samningi aðila hvort að verið sé að greiða fyrir réttindi þess félags sem leikmaðurinn gengur úr skv. gr. 20.2.2. skv. reglugerð þessari eða ekki.

20.2.4 Félag sem haft hefur leikmann á láni öðlast ekki rétt til hlutdeildar í félagaskiptagjaldi nema sérstaklega hafi verið samið um það á milli félagsins sem leikmaðurinn var samningsbundinn og þess félags sem fékk leikmanninn á láni.

20.2.5. Félagaskiptin skulu miðast við dagsetningu alþjóðlegs flutningsskírteinis.

20.2.6. Innlent félag sem gerir samning við erlent félag um félagaskipti leikmanns til erlenda félagsins skal afhenda KSÍ afrit af samningi um félagaskipti. Þau félög sem telja sig eiga hagsmuna að gæta við félagaskiptin geta krafist nauðsynlegra gagna frá samningsféluginu.

20.2.7. Hafi félagið sem leikmaður er skráður hjá á því almanaksári sem leikmaðurinn er 19 ára, ekki boðið leikmanninum leikmannasamning fyrir lok þess almanaksárs, missir félagið rétt til félagaskiptabóta samkvæmt þessu ákvæði.

20.3. Ef ágreiningur verður um skiptinguna skv. grein 20.2 skal heimilt að skjóta þeim ágreiningi til samninga- og félagaskiptaneftndar KSÍ. Er öllum félögum skyld að leggja önnur nauðsynleg gögn fyrir samninga- og félagaskiptaneftnd sem úrskurðar í málinu.

20.4. Geri leikmaður, sem var samningsbundinn félagi á Íslandi og gekk til liðs við erlent félag án þess að félagaskiptagjald væri greitt, samning við annað félag á Íslandi innan árs eftir að samningi hans við íslenska félagið lauk og á því almanaksári sem leikmaðurinn verður 23 ára eða fyrr, skal nýja félagið greiða félagaskiptagjald samkvæmt grein 18.2.1. til þess félags sem hann var samningsbundinn við áður, nema það hafi greitt sambærilegt félagaskiptagjald til erlenda félagsins.

Starfshópur um félagaskipti og samninga

Önnur mál:

Þórir Hákonarson flutti yfirlit um breytingar á reglugerðum KSÍ sem samþykktar voru á stjórnarfundi í sambandinu 13. febrúar og var breytingunum dreift til þingfulltrúa. Aðrar reglugerðarbreytingar sem stjórn hefur samþykkt á starfsárinu hafa þegar verið sendar til aðildarfélaga.

Kosningar

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

Kosning til formanns til tveggja ára:

Eftirlitaldir gáfu kost á sér til formanns:

| | |
|---------------------|-------------|
| Geir Þorsteinsson | Reykjavík |
| Jónas Ýmir Jónasson | Hafnarfirði |

Þingforseti gaf frambjóðendum kost á að kynna sig í pontu.

Var því gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig að:

| |
|-------------------------------------|
| Geir Þorsteinsson hlaut 111 atkvæði |
| Jónas Ýmir Jónasson hlaut 9 atkvæði |

Geir Þorsteinsson er því réttkjörinn formaður KSÍ til tveggja ára.

Geir tók til máls og þakkaði fyrir góðan stuðning.

Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Eftirtaldir gáfu kost á sér í aðalstjórn og voru þeir sjálfkjörnir:

| | |
|-----------------------|-----------|
| Gylfi Þór Orrason | Reykjavík |
| Guðrún Inga Sívertsen | Reykjavík |
| Róbért Agnarsson | Reykjavík |
| Vignir Már Þormóðsson | Akureyri |

Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

| | |
|------------|--------------------------|
| Vesturland | Jakob Skúlason, UMSB |
| Norðurland | Björn Friðþjófsson, UMSE |
| Austurland | Valdemar Einarsson, UÍA |
| Suðurland | Tómas Þóroddsson, HSK |

Kosning til varastjórnar til eins árs

Eftirfarandi gáfu kost á sér í varastjórn KSÍ og voru þeir sjálfkjörnir:

| |
|------------------------------|
| Ingvar Guðjónsson, ÍS |
| Jóhann Króknes Torfason, HSV |
| Þórarinn Gunnarsson, ÍBR |

Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

| | |
|------------|---------------------------------|
| Vesturland | Vigfús Örn Gíslason, Vesturland |
| Norðurland | Ómar Bragi Stefánsson, UMSS |

| | |
|------------|------------------------|
| Austurland | Magnús Ásgrimsson, UÍA |
| Suðurland | Trausti Hjaltason, ÍBV |

Kosning fulltrúa á íþróttapíng ÍSÍ

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttapíng til stjórnar KSÍ var samþykkt.

Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

| | |
|-----------|----------------------|
| Aðalmenn: | Dýri Guðmundsson |
| | Haukur Gunnarsson |
| Varamenn: | Elías Hergeirsson |
| | Þór Símon Ragnarsson |

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

| | |
|-----------|---------------------------|
| Aðalmenn: | Sigurður G. Guðjónsson |
| | Guðmundur Pétursson |
| | Lúðvík Örn Steinarsson |
| Varamenn: | Brynjar Níelsson |
| | Guðmundur Þórðarson |
| | Hörður Felix Harðarson |
| | Jóhannes Albert Sævarsson |
| | Kolbeinn Árnason |

Kosning í leyfisráð KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

| |
|----------------------------|
| Lúðvík Georgsson, formaður |
| Eggert Steingrímsson |
| Guðmundur H. Pétursson |
| Stefán Bergsson |
| Örn Gunnarsson |

Kosning í leyfisdóm KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

| |
|----------------------|
| Gísli Hall, formaður |
| Elías Hergeirsson |
| Ragnar Gíslason |
| Rúnar Gíslason |
| Stefán Gunnlaugsson |

Kosning í aga-og úrskurðarnefnd KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

| |
|---|
| Gunnar Guðmundsson, formaður |
| Halldór Frímannsson, varaformaður |
| Sigurður Ingí Halldórsson, varaformaður |
| Einar M. Árnason |
| Helgi R. Magnússon |
| Sigrún Óttarsdóttir |
| Sigurður Guðmundsson |
| Þróstur Ríkharðsson |

Kjörnefnd

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Steinn Halldórsson, formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Jónas Gestur Jónasson

Endurskoðandi

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson sem endurskoðanda KSÍ og var hann sjálfkjörinn.

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

Þingslit


Guðmundur Pétursson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Hann fól að því loknu Geir Þorsteinssyni formanni KSÍ að slíta 69. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands. Geir þakkaði fyrir gott þing.




Guðmundur Pétursson
1. þingforseti



Águst Ingí Jónsson
1. þingritari



Steinn Halldórsson
2. þingforseti



Klara Bjartmarz
2. þingritari